7/50

# Lög

## fyrir blað Ungmennafélagsins Tindastóll

1. gr.

Blaðið heitir „Árgeisli."

2. gr.

Tilgangur blaðsins er:
Að venja menn við að setja hugsanir sínar skýrt og ákveðið fram í ritmáli, eins og móðurmálið heimtar.

3. gr.

Blaðið skal koma út á hverjum lögákveðnum fundi félagsins, og lesast upp í byrjun hvers fundar af einhverjum ritnefndarmanni, blaðið skal vera minnst 3 mest 5 arkir í hvert skifti.

4. gr.

Í ritnefnd blaðsins skulu kostnir 3 menn í hvert skifti og skulu þeir tilnefndir af formanni félagsins eða öðrum úr stjórninni ef hann er fjarverandi.

5. gr.

Skyldur ritnefndar eru: Sjá um að blaðið komi út á ákveðnum tíma eigi minna en 3. gr. laganna ákveður.

6. gr.

Ritnefndin hefir heimild til að hafa blaðið stærra en ákveðið er

7. gr.

Ritnefndin skal taka í blaðið greinar þær er henni berast, þó hefir hún heimild til þess, að synja um rúm þeim greinum er henni þykja of persónulegar eða að öðru leyti óviðeigandi.

8. gr.

Ekki má ritnefnin taka persónulegar greinar nema greinarhöfundur skrifi nafn sitt undir greinina, þó ei oftar en tvisvar í senn af sama greinarhöfundi.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi er 2/3 greiddra atkvæða samþykkja þau.



# Inngangur

Ástkæra ylhýra málið,
allri rödd fegra.
Blíð, sem að barni kvað móðir,
á brjósti svanhvítu.
Móðurmálið mitt góða,
hið mjúka og ríka.
Orð áttu enn eins og forðum,
mjer yndið að veita. ....

(Einn af aðaltilgangi þessa fjelags er, að fegra og hreinsa móðurmál vort, og er það fögur hugsjón. Af þessum ástæðum eða hvötum mun sú hugmynd vera sprottin, að gefa út blað innan fjelagsins takmarka. Það er líka að mínu áliti eina ráðið til þess að leitast við, að ná þessum tilgangi.

Móðurmál vort, eða Íslenzkan er afkvæmi tungumáls þess, sem talað var í Noregi og fleiri nálægum löndum á landnámstíðinni eða 9. öld; og kallað var Norræna.

Eins og vjer vitum, eru flestir hinna íslenzku landnámsmanna komnir hingað austan um haf, beinlínis frá Noregi, og töluðu því Norrænuna. En eptir að þeir höfðu tekið sjer fast aðsetur hjer á Íslandi, breytti málið nafni, og var kallað Íslenzka, eptir nafni landsins.

Fyrst eptir landnámstíðina hjelzt nú Íslenzkan alveg, eða því sem nær óbreytt, en brátt fyrir fjarlægðina og einangrunina frá öðrum þjóðum, fór hún smám saman að taka ýmsum breytingum, og flestum til

hins verra. Þessar breytingar voru aðallega fólgnar í því, að málið blandaðist ýmsum útlendum orðum, og orðskipum. Sjerstaklega fer maður að verða var við þetta, eptir að Íslendingar glötuðu sjálfræði sínu, og sjálfstæði í hendur útlendrar þjóðar.
Á sumum tímum hefir Íslenzkan jafnvel verið svo illa leikin, að heita mátti, að annaðhvort orð á vörum hinnar íslenzku þjóðar væri útlent. Voru þá flestöll embættisbrjef og annað því um líkt ritað á Dönsku, — opt kryddaðri með latneskum orðum.
Hjálpaði það og mjög til þess að aflaga málið, að þá voru eigi allfá embætti hjer á landi skipuð útlendum mönnum, sem alls ekki kunnu Íslenzkuna, og hefðu þau sæti betur verið auð, heldur en jafnilla skipuð.

Af þessari órækt, sem móðurmálið var komið í, leiddi svo meðal annars tilfinningarleysi þjóðarinnar fyrir sjálfri sjer, eða með öðrum orðum, — skortur á þjóðernistilfinningu. Þess vegna komst vor einlægi ættjarðarvinur og þjóðskörungur Jónas Hallgrímsson einhverstaðar svo að orði, að ræksla móðurmálsins sje fyrsta skilyrði til þess, að hjá þjóðinni lifi þjóðernistilfinning.

Hjer er ekki rúm til að skýra ýtarlega frá sögu móðurmáls vors, — frá upphafi og fram á vora daga, því um það efni mætti skrifa mjög langt mál.

Nú á tímum, er ástand Íslenzkunnar því miður hvergi nærri gott. Er því fyllsta ástæða fyrir hina ungu og uppvaxandi kynslóð í landinu, að hefjast handa, og taka hjer í taumana.



Allir sannir Íslendingar hljóta að bera velferð sinnar eigin þjóðar, og þjóðernis, fyrir brjóstinu. Nú byggist auðvitað velferð þjóðarinnar á mörgu. Einhverjum myndi því verða fyrir að spyrja: Á hverju á að byrja? Svarið myndi hljóða þannig, að með því allra fyrsta ætti að byrja á því, að hreinsa móðurmálið.

Móðurmálshreinsunin er ekki verk, sem framkvæmt yrði í flýti, heldur yrði það að gjörast smátt og smátt. Nú lít jeg svo á, að einmitt hjer sje verið að byrja á þessu seinunna verki, með útgáfu þessa blaðs, þó ekki sje nema í litlum stíl, innan þessa fámenna fjelags.

„Opt verður af litlum neista mikið bál", segir máltækið, og þess vegna finnst mjer ekki ástæðulaust að vona, að þessi hreyfing grafi svo um sig, að hún fyr en síðar fái vald yfir þjóðinni, og knýi hana til að varðveita sitt eigið móðurmál, og útskúfa öllu, sem þar á ekki heima.

Nú er það ósk mín og von, að þetta litla blað mætti í framtíðinni, smátt og smátt, koma mörgu og miklu til leiðar í þessa átt.

Að vissu leyti má skoða það eins og ungt og ósjálfbjarga, — en efnilegt ungviði, sem laga verði lífsferil sinn eptir kringumstæðunum eða lífsskilyrðunum. Kringumstæður eða lífsskilyrði blaðsins eru nú auðvitað fólgin í oss sjálfum, — stofnendunum.

Hvers konar þroski þess og þrif byggjast því eingöngu á áhuga og samtökum fjelagsmanna. Fjelagið hefir einhuga komið blaðinu á fót. Er það því sjálfsögð skylda þess, að styðja það og styrkja á allan hátt, og af fremsta megni hjálpa því til að ná tilgangi sínum.

Að vísu virðist ekki ástæða til þess, að örvænta um framtíð blaðsins, en ekki veldur sá vari, þó ver fari.
Einstaklingar Fjelagsins ættu gaumgæfilega að athuga, hvaða gagn þeir, persónulega, geta haft af blaðinu. Þar gefst þeim tækifæri á, að æfa sig í að raða hugsunum sínum ljóst og skipulega niður, - á pappír. Ennfremur gefst þeim tækifæri til þess, að gjöra í blaðinu ýmsar smáfyrirspurnir, og gæti blaðið á þann hátt orðið dálítið vekjandi, og jafnframt mannandi.
Það er í alla staði samgjörn krafa, að þeir, sem lengra eru komnir aleiðis í menntunarlegu tilliti, grafi ekki það pund sitt í jörðu, heldur leitist við, að ávaxta það, með því að miðla og leiðbeina hinum fáfróðari.
Aðaláherzlan ætti þó að mínu áliti að vera lögð á það, að hreinsa íslenzka málið fyrir öllum dönskum eða útlendum orðum, og láta það aptur ná sinni fornu fegurð og frægð, - því að

orð á það enn, eins og forðum,
oss yndið að veita.

Óskandi blaðinu og Fjelaginu alls góðs gengis í framtíðinni — ritar

Fr. Klemensson



## Ungmennafjelögin.

Ungmennafjelögin geta unnið mikið gagn, ef sú stefna verður ríkjandi í þeim, að hver einstakur meðlimur þeirra leggi kapp á, að temja hæfileika sína svo, að þeir geti orðið sjálfum honum, og öðrum að sem mestum notum. Þetta er líka einmitt tilgangur þeirra. Það er sorglegt að vita, hvernig margir hæfileikar eru eyðilagðir, svo að þeir verða aldrei neinum að notum. Sumir eyðileggjast af óreglu, er unglingarnir leggjast í, aðrir af uppburðarleysi og ódugnaði o.s.frv. Það væri því gleðilegt, ef þessi fjelög gætu orðið til þess, að efla og glæða andlegan og líkamlegan þroska hjá æskulýðnum. Hið bezta skilyrði fyrir því er, að þeir, sem ofar standa á menntunarstiginu, reyni til þess, að leiðbeina hinum, sem lægra standa. Það má ekki lítilsvirða þá, sem fáfróðari eru, segja sem svo, að það sje ómögulegt að vera í fjelagsskap með þessu fólki, sem ekkert kann. Þvert á móti mun þá vera ætlunarverk þessara fjelaga, ef ekki það, að leiðbeina unglingunum, svo þeir geti orðið að nýtum mönnum í mannfjelaginu. Jeg vil því óska þess, að þau gætu náð þessum tilgangi sínum.

Huld.

## Goldið líku líkt.

Einu sinni sat drengur nokkur á dyrahrepskildi húss eins. Hann hjelt á sóp í annari hendinni, en í hinni hafði hann stóra brauðsneið, sem einhver hafði góðfúslega gefið honum.

Á meðan hann var að borða hana, kom hann auga á lítinn hund, sem svaf mjög vært, skammt frá honum. Hann kallaði til hans og sagði: „Komdu hingað vesalingur!" Þegar hundurinn heyrði, að til hans var talað, stóð hann upp, sperti eyrun og þegar hann sá drenginn vera að borða brauð, kom hann til hans. Drengurinn rjetti honum brauðið, en jafnskjótt, sem hundurinn rjetti fram trýnið, til þess að taka á móti brauðinu, kippti drengurinn að sjer brauðinu, og sló hundinn bylmingshögg með sópnum. Vesalings hundurinn hljóp burtu, og skrækti ógurlega, en hinn vondi strákur sat kyr, og hló að hinu vonda verki, sem hann hafði unnið.
Herramaður nokkur, sem stóð við gluggann á húsinu hinu megin við götuna, og sá hvað drengurinn gjörði, opnaði dyrnar, sem vissu út að götunni. Hann kallaði til drengsins, og sagði honum að koma, um leið og hann hjelt á 45 aura silfurpening, milli fingranna. „Langar þig til að eiga þetta?" sagði herramaðurinn. „Já, ef þjer viljið gjöra svo vel og gefa mjer það, herra minn." svaraði drengurinn brosandi, og flýtti sjer yfir götuna til að taka við peningunum. Um leið og drengurinn rjetti fram höndina til þess að grípa peninginn, sló herramaðurinn hann vænt högg á fingurnar með reyrpriki, sem hann hafði að baki sjer, svo drengurinn hljóðaði uppyfir sig. „Hvers vegna gjörðir þú þetta? sagði hann og ýlgdi sig. „Hvorki meiddi jeg þig, nje heldur bað þig um silfurpeninginn." „Hvers vegna meiddir þú þenna vesalings hund áðan?" sagði herramaðurinn. „Hvorki meiddi hann þig, nje heldur bað þig um brauð.



Eins og þú breyttir við hann, eins hefi jeg breytt við þig. Mundu nú, að hundar geta fundið til, ekki síður en drengir, og lærðu að hegða þjer betur við mállausu dýrin framvegis."

Þýtt úr Ensku af Fr. Klemenssyni.

Hjer á staðnum er til nokkurskonar ræktunarblettur, sem allt of margir taka þátt í að hlynna að. Sumir gróðursetja ný blóm, aðrir stór trje, og nokkrir eru í óða önn að vökva, svo ekkert visni. Allt er þetta gjört til að prýða og skrýða blettinn. Þessi blómreitur er – slúðrið, – sem hjer gengur, og seint mun kulna út.
Mjer finnst það ekki vera neitt ótilhlýðilegt, að vekja máls á þessu, því hjer í þessum stað er mjög mikið þvaðrað um fjelag vort, til hvers það sje stofnað, og ýmsar miður sæmilegar getgátur um starfsemi þess og nytsemi. En þetta þvaður ætti ekki að gjöra oss neitt til, við stöndum jafnrjett eptir sem áður. – Einungis

að halda sitt stryk, vera í hættunni stór,
og að horfa ekki um öxl, – það er mátinn.

G.G.

## Hver er sinnar gæfu smiður.

Jeg tek mjer penna í hönd, en skal þó skrifa fátt.
Að mínu áliti eru menn að eins að sumu leiti sinnar gæfu smiðir.
Orsakir og afleiðingar fylgjast að jöfnum skrefum í heimi hjer, en þó er það svo, að afleiðingarnar koma opt í ljós á ólíklegum

stöðum, þannig að skilja: að þær snerta þann hvergi, er líklegastur var. Þær hlaupa yfir son minn, – en sonarson minn hitta þær heima. Þetta veldur þeim ruglingi, að enginn sjer þessum eða hinum vísan gæfuveg. Enginn getur ráðið, af hvaða foreldri hann er fæddur, áhrifunum, sem hann mætir á meðan hann er barn. Enginn ræður hvernig land það er, sem hann fæðist í, hvort það er hrjóstug eyðimörk, auð og köld, eða nægtarinnar Paradís. Hvort það er heimkynni óeirða og blóðsúthellinga eða land friðarins, þar, sem hollvættirnar mynda verndarhring, og rista „líknarstafi" á landamærunum o.s.frv.

Maðurinn fæðist hvað, sem öllu þessu líður, og verður að taka skilyrðunum, sem eiga sjer rætur í skauti þess liðna. Nú finnst mjer það ljóst, að málshátturinn: „Hver er sinnar gæfu smiður" sje ekki með öllu sannur.

Lesari góður! Þig ef til vill greinir á um, hvort það, sem hjer hefir verið sagt er fremur forlög eða atvik? Jæja, það gjörir ekki svo mikið til. En má jeg biðja þig bónar? Viltu ekki koma með mjer upp á lítinn hól, – útsýnishól mannlegs anda? Þar glöggvar maður sig betur. – Jeg, fyrir mitt leyti segi: Atvik eru það. Jeg vona að þú segir það með mjer. Við erum vinir? Auðvitað er jeg þess fullviss, að það eru forlög að fæðast og deyja; sú almættisákvörðun er jafngömul lífinu, en hvar, hvernig og hvenær einstaklingurinn deyr, – það eru atvik og tilviljun. Að forsjónin standi yfir fiskinum og fræinu og segi: Hjer áttu



litla fis að setjast að og hvíla, – hjerna áttu fræið mitt að bera ávöxt með stöðuglyndi – jeg neita því. Þú ræður þinni skoðun, lesari góður.

Jeg vil nú um stund athuga, að hverju leyti þú ert þinnar gæfu smiður. Það hefi jeg áður tekið fram, að barnið ræður ekki áhrifunum, sem það verður fyrir, meðan það ræður sjer ekki sjálft. Þegar kemur til fullorðinsáranna, er ætlast til, að vjer smíðum gæfuna sjálfir. Þá á skynsemin og frjálsræðið að vera vorir förunautar. Þetta er nú mikið rjett, en ennþá stöndum vjer í sambandi við atvik liðins tíma, og þau færa oss ýmislegt ófyrirsjáanlegt upp í höndurnar. Samt sem áður skulum vjer athuga að hve miklu leyti vjer getum verið eigin gæfu smiðir. Mjer finnst sjálfsagt, – meira að segja lífsskilyrði fyrir hvern mann að trúa því, að hann geti verið eigin gæfu smiður, og nú skulum vjer athuga hvað útheimtist til þess. Það er afarmargt; yfir höfuð að tala öll heilbrigð framfara viðleitni.

Þú þarft að þekkja sjálfan þig, því fremur ertu á rjettri hillu í lífinu, og að vera á rjettri hillu er skilyrði fyrir að geta neytt sinna fengnu krafta, og, – því betur, sem þú neytir þeirra, því meiru afkastarðu, og þess meiri gæfa, sem þú starfar meira í rjetta átt. Jeg á það við þig, að varast að slíta klæðum þínum á þyrnum vanþekkingarinnar. Eftir megni skaltu leita þjer þekkingar. „Þekking er auður og vald," og valdið er gæfa, það er að segja vald yfir sjálfs sín hæfileikum og náttúru, er hin

allra fyrsta gæfa. Þú vilt ef til vill spyrja hvað jeg meini með þessu. Jeg á við það, að kunna að beita sínum starfskröftum, og, að einstaklingurinn fái notið þeirra hæfileika, sem honum eru meðskapaðir. Nú þykist jeg vita að þú spyrjir ennfremur, hvort ekki sje gæfa, að ná í embætti, – vera yfirvald, skulum við segja. Jú, það er gæfa fyrir þann, sem er því vaxinn, annars ekki. Við skulum líta á fleira. Að skilja sitt hlutverk, skilja viðburði daglega lífsins, samþýðast þá, er starfa með manni í þjóðfjelaginu, vera veitandi fremur en þiggjandi, vera nýtir borgarar, að því er rjett að keppa.

Nú skulum við báðir, – lesari góður, athuga hvað vilji mannsins er mikils virði í sambandi við gæfuna. Sumir halda því fram, að góður vilji geti allt, – gæfa einstaklingsins standi og falli með honum. Það er eins rangt, að segja að hann geti allt, eins og það er rangt, að hann geti engu áorkað. Eflaust má telja viljann eitt af fyrstu skilyrðum fyrir gæfu mannsins, – jeg leyfi mjer það óhikað.

Hvað er ótrauður vilji? Hann er æðra eðlis. Hann er fjörs og krapta umbrot í öflugri sál, – framsóknaraflið í manninum og skipar fyrir að vissu leyti. Hann segir við skynsemina: Vaknaðu góða mín, jeg þrái, jeg vil, að þetta komist í framkvæmd, jeg er ekki einfær með það, þú verður að leggja á ráðin.

Þannig lítur þetta út frá mínu sjónarmiði. Væri vit og vilji eitt og hið sama, þá væri miklu eðlilegra að trúa því, að viljinn



geti allt. Jeg kannast fyllilega við það, að skynsemi og vilji eru skilgetin, en ekki, að þau sjeu eitt og hið sama, og einmitt það, að viljinn þarf tilstyrk annara afla, ef hann á að vera einhlýtt framkvæmdarafl, sannar okkur lesari, að það er ekki rjett að trúa eingöngu á frívilja (fríviljatrú).

Jeg ætla nú að reka lestina með nokkrum heilræðum og hollum bendingum. Þar er þá fyrst að byrja. Ef þú vilt verða gæfumaður og vilt sjálfur afla þjer gæfunnar, þarftu að hafa örugga trú á því að fyrirtæki þitt sje ávaxtaríkt. Þegar barist er fyrir góðu málefni, er illt að gefast upp, – það er gæfutap. Sá, sem grefur eptir gullinu þarf að hafa óspillta þolinmæði. Gullið kemur ekki sjálft upp í hendurnar, það er gömul reynsla, og sjaldfundið er það í stórum hnullungum, og svo er með gæfuna, sem gullið. „Í sveita þíns andlitis skaltu þíns brauðs neyta. Erfiðleikar þeir, að afla gæfunnar koma heim við þenna málshátt.

Þú vinur minn, sem leitar gæfunnar, farðu hægt að heiman, og gefðu einnig gaum að því smáa, því „fyrst er angi, síðan kemur kjarr, svo kemur eykin, stofninn hár og fríður", minnstu þess, eins og að nokkru leyti felst í vísunni, að „mjór er mikils vísir." Vertu þolinmóður við leitina, þá verður betur tekið eptir þjer. Ef þú hættir á miðri leið, og segist ekki munir öðlast meiri gæfu, þá ertu að kveða upp dauðadóminn yfir sjálfum þjer, á hverjum rætast orðin: „Þú ert veginn, og ljettvægur fundinn."

Jeg er nú búinn að mæla þjer út óvikið „veganesti" af leiðbeiningum. Vertu svo blessaður og sæll, og góða ferð með gæfuleitina; farirðu að ráðum mínum, skulu bænir mínar fylgja þjer, en „viljirðu ekki orð mín heyra", þá er mjer líka sama um þig.

Ket. Sigurðsson

## Smælki.

Í heiminum stöðugt lízt svo sídur: Einn stígur upp og annar niður. . . .

Þegar glæður eru í kolunum, þá brennir þú þig á þeim, ef þú snertir á þeim, en þegar þau eru köld orðin, þá verða hendur þínar svartar. Þess vegna skaltu <u>forðast vondan fjelagsskap</u>, því þó þú ekki brennir þig, er hætt við að þú svertir þig. . . .

Margir menn ganga einir og ógiftir lífsbrautina, af því, að þeir hafa of háar hugsjónir um hjónabandið. . . .

Hugsjónarík, frönsk kona nokkur kallar hjónabandið „uppgjafadálætahæli ástarinnar". . . .

Væri enginn agi, þá færi veröldin úr lagi. . . .

Sjaldan skortir þann vísuna, sem viljugur er að kveða.

Ritstjórinn.

# Árgeisli.

2. Útgáfa

Ritnefnd:
Árni Sg. Já[redacted]son
Helga Hallgrímsdóttir
Pétur Jakobsson

## Skrítlur

a. Hvað er ólánsamt afl? Hver sem að endar með hjónabandi.

b. Giftir menn líta út sem bækur í tveim ólíkum útgáfum, önnur skrautleg og vönduð sem altaf er um heiminum, hin nytsöm og vönduð sem altaf er konunum.

c. Konan verður frjáls við giftinguna, en þá missir maðurinn frelsi sitt.

d. Við verðum að vera gæddir sálarstyrk, svo við ekki reynumst heimskir í ástamálunum;

e. Svo er nú með ástina, sem unga barnaleiki að hún reynist hættuleg þegar lengi hefir verið barist á móti henni.

f. Hin „fyrsta ást“ er sem leikæfing fyrir hjartað en — sem flestar leikæfingar meira hrífandi en aðal sýning leiksins.

g. Setjir þú upp gleraugu ástarinnar, þá getur þér sýnst svertingi sem ljósengill.

h. Ástin er vitfirring, og ætti því að læknast sem önnur geðveiki, en ástæðan til þess að svo er ekki, er sú að, af þessari vitfirring þjást læknar engu síður en aðrir.

i. Ánægjulegast heimilislíf, hefir barnlaust ~~heimilislíf~~ ekkjumaður.

j. Þegar næturgalar hætta að elska hætta þeir að syngja, og byrja að apa.
Margar giftar konur eru sem næturgalar, þegar þær hætta að elska hætta þær að syngja og byrja að apa.

k. Konur kunna ekki að meta skynsemi manns fyr en hún hefir eignast heimskingja.

l. Hjónabandið líkist mikið umsetinni borg, þeir sem eru fyrir utan borg þessa vilja óðir aflátslaust komast inn í borgina, en íbúar hennar þrá ekkert meira en að sleppa út úr borginni aftur.

Þýtt úr Dönsku af
Pétri Jakobssyni.

# Andrúmsloftið

Andrúmsloftið er það efni, er fyllir upp rúmið umhverfis jörðina, og umlykur því alla jarðarhnöttinn, og hvern þann hlut sem á honum er. Það er einnig skoðun manna að það umlyki aðra hnetti.

Álit manna er það, að jörðin haldi andrúmsloftinu innan vissra takmarka; og því valdi aðdráttar-afl hennar.

Mönnum hefir reynst erfitt að fá fulla sönnun á því hve langt loftshafið nær útyfir jörðina; þó munu merkum vísindamönnum ber þó saman um að það sé um 300 kílómetra og er það um 40 mílur.

Árið 1647 sannaði franskur maður ~~Pacal~~ Pascal að nafni það, að loftþrýstingurinn væri meiri á lægri stöðum en á hærri; á yfirborði jarðar væri það þéttast en um leið þyngst, af því að loftið frá hinum hærri stöðum þrýsti á það sem er neðar. Hann sannaði þetta með því að mæla loftþyngd á hæðum og lágdum. Af þessum mismun loftsþungans og loftþrýstingsins á hærri og lægri stöðum, leiðir það að efni sjóða við lægra hitastig á hinum hærri stöðum, af því loftþrýstingurinn er þar minni. Sem dæmi má nefna, að uppi í fjallinu St. Bernhard hefir vatnið náð að sjóða við 93° C. Þess má geta að ekkert nær að sjóða s.s. vatn, mjólk, mysa eða því um líkt fyr en hitinn hefir yfirstigið loftþrýstinginn á þeim stað sem soðið er á.

Það er eitt einkenni loftsins að smjúga inní sérhvert rúm er það finnur. Að loftið liggi á hverjum hlut skulum við sanna oss með tilraun. Ef við tökum bullu og færum hana loftþétt niður í opinn sívaling finnum við að hún mætir mótstöðu þegar ýtt er á hana og er það loftið sem þrýstir á móti. Loftið leggst með jöfnum þrýstingi að öllum hliðum hlutarins. Það er talið að það leggi 14 ℔ þrýsting á hvern □ þumlung; þar sem ~~[illegible]~~ yfirborð mannslíkamans er talið 3 □ álnir verður loftþunginn á öllum líkamanum 24192 ℔. Að maðurinn geti borið þennan loftþunga kemur af því, að inn allan líkama ~~mannsins~~ hans í blóði, vöðvum og annarstaðar, er loft sem mótstendur hinni ytri loftþrýsting og loftið helzt þannig í jafnvægi að við vitum ekki af þunga þess. Jafnskjótt sem ekkert loft væri í oss, myndum við kremjast í hrúgu. Eftir því sem við komum lengra út í gufuhvolfið verður loftþrýstingurinn smátt og smátt minni eins og fyr var sagt, og þegar hinn ytri loftþrýstingur er veikari en loftþrýstingurinn í oss sjálfum, orsakar það

blóðrensli á oss eins eyru, nef og á öðrum
stöðum líkamans.
Ekkert efni í náttúrunni virðist eins gagn-
samt og andrúmsloftið, sé í lagi ef er
hafum nálægt oss. Oss virðist það vera
lítilsvert en svo er þó ekki í raun réttri.
Í loftinu er bæði bakteríur, rykagnir, vatns-
gufa, sem valda lítt þess að einhverju leyti.
Aldrei er loftið svo hreint og gagnsamt sem
eftir miklar úrkomur því þá hefir ryk og
bakteríur fallið niður með regninu; Bæði
ryk og bakteríur eru mest niður við yfir-
borð jarðarinnar.
Loftið er 773 sinnum til 800 sinnum
léttara en vatn við 4°C.
Frumefni þau sem samsetja loftið, eru aðal-
lega tvö, Köfnunarefni 4/5 hl. og Súrefni 1/5 hl.,
þetta er þó ekki alveg svo mikið; sakir þess
að í loftinu er lítið eitt af frumefninu Argon
sem er líkt Köfnunarefni, líka lítið eitt af
Ozon sem er afbrigði af Súrefni. Einnig er í
því Kolsýra; Ryk, Bakteríur og Vatns-
gufa.
Efni loftsins eru ekki efnafræðislega bundin

hvort öðru, heldur aðeins samblönduð.
Eiginlegleikar þessara tveggja aðalefna, Köfn-
unarefnis og Súrefnis eru mjög ólíkir. Köfn-
unarefni hefir hvorki ~~lit~~ lykt né bragð og
þegar það er hreint er það léttara en venjulegt
loft. Það er illt að fá það til að sameinast
öðrum efnum; þó finst það í mörgum þýð-
ingar miklum samböndum bæði í lifandi
og dauðri náttúru. Í hinni lifandi náttúru
finst það o.s. í kjöti, blóði, mjólk, korn-
tegundum og fl. o.fl.
Súrefni orsakar brunann í náttúrunni og
er hita viðhald hennar, og hvar sem bruni
á sér stað verður það að koma að.
Við andardrátt manna, ~~manna~~ dýra og jurta
á sér stað hægur bruni. Vér öndum frá oss
Kolsýru, en að oss Súrefni. Væri loftið tómt
Súrefni mundi alt loga upp. Vér getum því
sagt að blöndun loftsins sé hagkvæm þar
sem annað efnið er til að kæfa en hitt
kveikjuefni.
Kolsýra er lítilsháttar í loftinu. Ef vér
tækjum 10,000 hl. af lofti sem innihéldi
enga vatnsgufu mundi það verða 7,900 hl.

af Köfnunar-efni 2,096 af Súrefni og aðeins 4 hl. af Kolsýru. Kolasýringur er eitraðaloftteg und og framkemur s. s. áður er sagt viðallars bruna og nefnist því fyrst Kolsýra þegar hann hefir gengið í samband við vatnsefni.
Kolsýra er mest niður við yfirborð jarðar, hún streymir oft mikið frá ýmsum jarðar t.d. Hundahellinum í Neapel á Italíu. og í Eiturdalnum á Jona Sjava.

Oft er kolsýra ~~mikið~~ mikið í brunnunum, hún er litarlaus og er því illt að varast hana og er því hættulegt að síga niður í brunna nema senda ljós niður í undan; sé Kolsýra í brunninum deyr ljósið.

Bakteríur finnast í loftinu sem áður er sagt. Um líf þeirra og starfsemi mætti margt skrifa en til þess er ekki rúm í blaði voru, skal því minst fórra atriða.

Hvað er ~~bakter~~ það eiginlega Bakteria? Spurði Daniel gamli í Mikley ómentaður maður í fyrravetur. Sjálfsagt eru fleiri sem hafa ástæðu til að spyrja svo.
Bakteríur eru þær lífverur sem tiejast til jurtaríkisins, eru svo litlar að þær sjást aðeins í bestu smásjá, berast í loftinu fyrir hvað litlum vindi sem er þær eiga aðstaðar heima bæði í jörðu og á.

Flestar Bakteríur eru aðeins ein frumla (sella) þær auka kyn sitt afar fljótt, og mega þeir vera sig sem stærri eru að svo ~~littlu-sýi~~ litlar lífverur gerir þeim ekki minkun í kynfjölgunarlegu tilliti. Þær auka kyn sitt með hinni svonefndu skiftingu, þannig: að frumlan dregst saman í miðjunni og hinna sú sem umlykur hana fylgir eftir þar til hún nær að vaxa saman við sjálfa sig um miðju frumlunnar, og hver baktería er orðin að tveimur sjálfstæðum bakteríum. Síðan skiftast þessar tvær Bakteríur hvor um sig í aðrar tvær og svo „koll af kolli". Þessi æxlun gengur svo fljótt að einar sex til sjö mínútur líða frá því bakterían er fullmynduð (tvískift) og þar til hún skiftir sér aftur. Mönnum telst svo til að ein bakt. sú með þessari hröðu skiftingu ætti eftir einn sólar-hring fleiri afkomendur en allir menn eru á jarðarhnettinum.
Bakteríur eru ársölt þess að matur úldnar

og líkami rotnar, mjólk súrnar, líka þess að áfengi myndast í víni og til eru tempslovar.
Þær valda flestum hættulegum ~~veiki~~ sjúkdómunum í mönnum, dýrum, og jurtunum.
Fyrir jarðyrkjuna hafa bakteríur mikla þýðingu, þær tilreiða hann fyrir jurtirnar og breyta mörgum þeim efnum sem við förum honum í það ástand að þau þá fyrst geta orðið jurtunum að notum.
Eg hefi nú verið nokkuð langorður um bakteríurnar og mætti þó margt fleira segja.
Allir hljóta að sjá hve áríðandi er að þekkja lífeðli þeirra og starfsemi þar sem ~~við~~ vér getum með sönnu sagt að lífið sé stöðug ofskifti og barátta við þessar undarlegu verur; þær geta unnið mein og bót, eins og sagt var um Árnljót Skítinn
Þegar vér tölum um andrúmsloftið yfir höfuð, mun það vera nokkurnveginn undantekningar-laust að allt ~~sem~~ þarnast þess. Þó er til nefndur flokkur bakteríu sem ekki lifa þar sem súrefni loftsins kemst að og nefnast þær loftflýjandi (Anaerobe.)

Heilsan byggist mjög á því að loftið sé hreint í íbúðarhúsunum, og það eitt fyrir sig sýnir ljóslega menningarstig þjóðanna.
Hér á landi hagar víða svo til, að ~~inte~~ baðstofan sé forn smíði, ljósið nær ekki að skína til gafls í gömlu baðstofunum, þar er því dimt. Dimman er eitt af aðallífsskilyrðum bakteria.
Einnig þá á sér stað sá ósiður að uppi baðstofuna er hengd föt og fl. þetta veldur bæði myrkri og eyðir loftrúminu í herberginu fyrir fólkinu; þetta er því verra sem baðstofan lítil og fólkið margt að til-tölu. Séu föt þessi óhrein þá er einmitt skilyrði fyrir bakteríur að gera sér glaðan dag í húsakynnunum.
Áður en ofnar komu til sögunnar varð að byggja allt gat í baðstofunni á vetrum ~~svo~~ ~~kuldinn~~ vissara væri fyrir kulda, við það myndaðist kyrstöðuloft sem af súrefnis snautt en kolsýruríkt ~~segi~~ ~~þar~~ er við sem önnur dýr öndum frá oss kolsýru sem er bæði afurðir af starfsemi líkamans; þegar loftið er svo til lengdar

skemmist hinn fíni vefur lungnanna, blóðið verður dekkra og þykkra fyrir vöntun súrefnisins, augun verða dýpri og vot (ekki „Kokett") og líkaminn í einu orði sagt veiklulegur, brjóstið innsogið.
Andrúmsloftið er talið óholt ef það inniheldur meira en 1/10 af Kolsýru. Eitt er aðgætandi að jafnvel þó allvíða séu komnir ofnar þá er ekki nægilega séð um að þeir bæti loftið sem þeir mega og mun ég tala um það síðar

Framhald

# Árgeislinn

3. blað

Ritnefnd
Stefán Þ. Björnsson
Þorbjörn Þ. Björnsson
Björg Þ. Björnsdóttir

## Áhugaleysi

Eitt af stærstu þjóðar meinum okkar Íslendinga, er áhugaleysið. Það má heita að það standi oss fyrir öllum þjóðþrifum bæði andlegum og líkamlegum. Óefað á það stærstann þátt í því, hvað skammt vér erum komnir á framfarabrautinni, og hvað lágt vér stöndum í menningar stiganum, sem aftur

valdir til þess, að vjer erum oft settir á bekk með skrælingjum og hálf eða alviltum þjóðum, þá er um oss er rætt og ritað meðal erlendra þjóða.
Eg þykist vita að margir muni segja um hvað á það líð, að aðal orsökin til þess hvað vjer stöndum lágt í menningarlegu tilliti, sje ilt stjórnarfar, illar samgöngur, fátækt vor og hrjóstrugt landslag, óblíð veðrátta o. þ. u. l.
Þessu mótmæli eg algjörlega, að þetta sje aðal orsökin.
Hvernig getur þú mótmælt því? mun nú einhver spyrja. — Eg skal leitast við að sýna fram á það með rökum að þetta sjeu, flest alt afleiðingar af aðal orsökinni, sem er áhugaleysið. Eg vil álíta að áðurtaldir erfiðleikar sjeu að minsta kosti sjálfum oss að kenna, og að þeir stafi nærfelt eingöngu af áhugaleysi landsmanna sjálfra. Ef íslenzka þjóðin væri áhugasöm um framtíð sína þá gæti henni án efa auðvelt að ryðja flestum þessum erfiðleikum úr vegi. Þá mundi hún með fornaldar þrautseigju og þreki, kjarki og manndáð, ryðja sjer til sætis meðal hinna bezt mentuðu þjóða heimsins og afla sjer

álits og trausts meðal þeirra, því eg efast ekki um að hún sje gædd öllum þeim hæfileikum sem til þess útheimtast að, ef að eins áhuginn vaknaði.
Athugum nú stuttlega á hvern hátt þessir fyrtöldu annmarkar eru sjálfum oss að kenna.

Óblíð veðrátta.

Þetta er sá galli lands vors sem ekki er hægt að ráða bót á; undir honum verðum vér að búa en mjög er það mismunandi hvað vel vér erum við því búnir að draga úr áhrifum hans, á velgengni vora, en það er þó það sem oss er áríðandi, og gerum við það rækilega þá er hann ekki tilfinnanl.

Ill stjórnarskipun.

Sje þetta svo í raun og veru, að stjórnarfarið sje þannig hjá oss Íslendingum, að það standi oss á einhvern hátt fyrir þrifum, þá er því það til að svara, að þjóðin sjálf á þar með áhugaleysi sínu staðstan hlut að máli. Sje nú hvað bagið við stjórnina eða hún á nokkurn hátt hefti siðferðislegann, eða sjálfstæðislegann þroska þjóðarinnar, þá á þjóðin að taka það mál til algjörrar gagnrýningar steypa þeirri stjórn úr völdum og setja aftur í hennar stað heilbrygð.

og sjálfstæða stjórn sem starfar (sann) samkvæmt
óskum og kröfum þjóðarinnar í samræmi við
kröfur tímans. En hverjar eru kröfur þjóðar
innar á þessum tíma í stjórnarfarslegu tilliti?
Eg álít að ekki sé gott að skera úr því síst í fljótu
bragði sannleikurinn mun vera sá að þjóðin
veit varla hvað hún vill. Mikill hluti hennar er
svo áhugalaus, dofin og ef eg mætti segja sofandi,
að hann veit varla hvað verið er að tala um, á
þessum síðustu tímum, auk heldur það sem áður
hefir gerst; hann hefir ekki hugmynd um veðra
þ. byggðir á hinum pólitíska himni, og lætur
sér líka næstum á sama standa, hvaðan storm-
urinn blæs, ef hann aðeins hefir nóg til hnífs
og skeiðar þann og þann daginn.
Margir af kjósendunum hafa ekkert blað og geta því
ekki fylgst með gangi málanna, en láta reka
að hvaða smala leiða sig eftir eigin vild.
Eg hefi heyrt marga segja er eg hefi boðið þeim
blöð til kaups, að sig varðaði ekkert um
þetta stjórnmála þref það væri aðeins fyrir embætt-
ismönnum og kaupm. og menn sem hefðu nógan
tíma að grufla úti slíkt, sér væri alveg sama
hverir yrðu þingmenn hverjir yrðu í stjórninni o.s.frv.

Ekki er nú von að vel fari. von að stjórnin
sé einráð og gjörræðisfull. Þetta áhugaleysi er
þeim mun ásakanlegra sem nokkrir góðir
menn, er vel hafa kynnt sér málin, reyna
óaflátanlega að leiða mönnum þetta fyrir
sjónir, vekja þá til meðvitundar um rétt sinn
en það lítur út sem margir geti ekki vaknað
enda byrgja þeir eyrun sín fyrir röddum þessara
manna, með því að lesa annaðhvort engin
blöð eða þá blöð sem blinduð eru af flokks hatri
Hver einasti meðlimur þjóðfél. ætti með eld
hitanum á huga að fylgjast með í öllum málum
síns lands og þjóðar leita sér allra þeirra upplýs
inga sem mögulegt er, viðvíkandi réttarstöðu
og stjórnarástandi í landi sínu og mynda sér
fasta og ákveðna skoðun á traustum og rök
studdum grundvelli

Samgöngurnar.

Án efa er það margt sem að þeim má finna og skal
aðeins geta þeirra helstu galla sem ráða mætti bót á ef
þjóðin hefði áhuga á því. Árlega er veitt af opinberu fé
fleiri tugir og jafnvel hundruð þúsundir kr. til samg.
mál. En hvað skyldu það nú vera margir Ísl. sem
vel at hug hvernig fé þessu er varið.

þeir sem við vega gjörð fást eru ráðnir af yfirvöldunum uppá afar há dag laun, oftast undir yfir stjórn manna, sem enga þekkingu hafa á því hvernig verkið á að vera af hendi leyst. Fleiri partur verka mannanna og verkstjóranna, láta sér á sama standa hvort vinnan gengur nokkuð eða ekki neitt, hafa alls engann áhuga á því, hvað eftir þá liggur eða hvernig verkið er unnið. Ekki þarf heldur að óttast eftir litið eða aðfinnslur. Til að sann færast um þetta þarf ekki annað en athuga vega gjörð nútíðar innar og verka menn þá er að henni vinna. Aðrir eru til heiðarl. undan tekningar.

Skipa ferðirnar bæði strand ferðirnar og milli landa ferðirnar eru í höndum útlendra auðmanna fél. er eingöngu líta á sinn hag og haga (skipanna) ferðunum þeirra eftir því sem þeim er hagan legast til að geta sem bezt fullnægt gull þorsta sínum, en hagsmunum og þægindi kröfur landsmanna, eru fyrir borð bornar, í öllum slíkum samningum, án þess að landsmenn vakni til meðvitundar um þetta ófrelsi, og hrindi málinu í nýtt og betra horf.

## Hrjóstugt landslag

Ef til vill mun einhver segja að ekki sé hægt að bæta úr þessum annmarka þótt nægur áhugi væri hjá landsmönnum. Mitt álit er það að ekki þurfi hann að standa oss að neinu lifti fyrir þrifunum. Allir sem til þekkja hljóta að viður kenna það að Ísl. beiti löndin eru svo góð að ekkert land hefir þau betri. Sömuleiðis munu flestir viður kenna það að Íslenzkur jarðvegur er svo vel fallinn til grasræktar að ekkert land á jafn norðlægu breiddar stigi þolir saman burð við Ísland í því efni. Kostnaðurinn við að rækta landið til tölulega lítill ef áhugi vit og þekking eru fyrir hendi.

## Fátækt

Eg vil nú leggja fyrir mig þá spurning: Hvers vegna erum vér fátækir? Svarið hlýtur að verða þetta vegna þess að vér erum áhuga lausir um að verða efnalega sjálfstæðir.

Árlega horfum vér á fjölda útlendinga ausa stór fé úr sjónum um hverfis strendur landsins og þannig á skömmum tíma verða stórauðugir af þeirri auðsuppsprettu sem vér áttum rétt til kall til, áttum miklum mun hægra með að hagnýta okkur ef við aðeins hefðum haft áhuga á að koma oss upp tækjum, til, að ná í og nota þennan auð

Sama hlutfall er med landbúnadinum máttar stólpa þjódfélagsins. Þad má heita ad hann sé rekinn í sama stíl eins og fyrir hálfri öld, sídan; þrátt fyrir breyttar kröfur tímans, og þrátt fyrir marg ítrekadar áskoranir ~~frá~~ um breytingar til bóta, frá einstaka leidandi mönnum, sem finna þó hvar skórinn þrengir ad og á hvern hátt audid verdi ad bæta úr þessum stadsettu göllum.

Bændurnir þykjast ekki hafa efni á því ad bæta jardir sínar svo ad þær gefi margfalt meiri ard, en þeir sjá sér fært ad halda 16–20 Kr. kaupamenn til ad slá graslausa karga þýfid í túnunum sínum, sem gefur svo litla eftir tekju ad sláttu madurinn er lítid meir enn matvinnungur. Ef þeir hefdu áhuga fyrir vexti og þroska þessarar atvinnu greinar, þá mundi þeir láta sér ant um ad slétta túnin sín svo hagræði ad vinna ad þeim ad öllu leyti, stækka þau svo hægt væri ad framfleyta meiri bú stofni á jördinni og þá mundi sá lúalegi hugsunar háttur leggjast nidur, ad sækja af útlandbúnadarins sem um langan aldur hefir ollad því ad þessar afurdir hafa verid í litlu áliti og lágu verdi á útlendum markadi. Já þá mundu þeir upp finna rád og nota þau rád sem adrir hafa fundid, til þess ad koma þessu í framkvæmd á sem hagkvæmastann og ódýrastann hátt. Þá mundu þeir vakna til medvitundar um þad ad ef þeir færu betur med bústofn sinn (alidýr) þá mundi þad gefa miklum mun meiri ard, einkum ef samfara betri medferd væru kynbætur á alidýra stofninum. Því midur er mjög lítill áhugi en vaknadur fyrir öllu þessu og því erum vér fátækir

Fundir

Einna berlegast kemur áhuga leysi lands manna í ljós, er sækja skal samkomur og manna fundi, til ad ræda naudsynja og framfara mál sveitar, eda héraða. Oft og einatt mæta adeins 2–3 menn úr fjölmennum sveitum þrátt fyrir þad þó fundirnir hafi verid formlega bodadir med nógum fyrirvara. Stundum liggja líka fundar bod svo dögum og jafnvel vikum skiftir í sama stad. — Afleidingin af því ad menn ekki fást til vidtals, verdur svo oftar sú ad hvordinn er upp kvedna dómur yfir þörfustu framfara fyrirtækjum. landi og lýd til ómetanl. tjóns og ævarandi minkunar.

Sídasta merki um áhuga leysi okkar Skagfirðinga er af dref bænda skólans í Ási og með ferð Hóla manna fel á sídasta sýslu fundi.
Mjög margt þurfa mætti telja ef tími og rúm leyfði.
Þetta má ekki svo til ganga lengur. nógu lengi hefir þjóðinni blætt í peningslegu og sjálfstæðis legu tilliti fyrir áhuga leysi sitt, hún verður að vakna til meðvitundar um það á hvaða tíma hún lifir og fullnægja kröfum tímans. Krefjast réttar bóta í stjórnar fari, bæta atvinnu vegi sína, samgöngur og verzlun. Og eg trúi því og treysti að en lifi leynt mandáð dugur og drengskapur í ~~hjörtum~~ brjóstum niðja hinna fornu dáðríku framtakssömu þjóðskörunga sem þetta land byggðu endur fyrir löngu og hófu það til önd vegis meðal allra menta að ra þjóða Norðurs álfunnar

Stefán Þ. Björnsson

# Annáll

## frá árinu 1914 og grankál

Þá var róstu samt í héraði en verzlun all góð þá fengust dýrgripir fyrir hrossa, þorsk hausar fyrir þráann tólg. Þá Stofnaði Þoarm þara fel form og miljóna mæringur Tephans hluta fel. til að kaupa Svins grís einn frá Danmörku aðeins 2 keyptu hluta bref; varð síðan ágreiningur útaf fóðrum svínsins, þar ed enginn einn var svo fóður birgur að að hann gæti hjálpar laust fóðrað grísinn. Varð það síðan að rætt á rætte fundi á Sauðárkrók, að grísinn skyldi hafa mál~~g~~un verð hjá Tephans en middagsverð hjá Hinrik ofursta, en óþarfi þótti að sviðið hefði nema 2 mál tíðir á dag, því þá var Ösgari búinn að innbinda það í ritki sinnar hafa tví mótt fyrir mannfólk.
Annað hluta fel stofnaði Tephans er til að kaupa bryndreka einn mikinn, en hafði í ógáti látið setja á hann svins haus í stað dreka höfuðs, þetta varð orsök til þess að enginn skips höfn fékkst á skipið og var það því að standa uppi í notað

Þá var Kolla sannt víða í Norður álfunni. Tauga
veiki kom upp á Vindlandi sem lýsti sér með
hálsbólgu og fóta veiki; og barna veiki á köf,
sem lýsti sér með höfuð verk innvortis kvölum
maga kveisu og óminni. — Þá voru skemtanir
mjög tíðar meðal yngra fólks, svo að kaupmenn
urðu hugsjúkir um framtíð þess, enda hafa þeir
ætíð haft opið auga fyrir öllu því er betur má fara!!!
Þá gekk svo mikil hunda pesti í Skagaf. að gjör
eyddust allir hundar, nema tík ein er af slóð.
og var hún kölluð „pólitík", og síðan varð hún
stofn tík og var þá aðal [illegible] efni á öllum manna
fundum. Þá stal stór þjófur einn á Norðurl.
bygginni og upp frá því talaði hver maður sannleika
en þá fóru allir kaupmenn á höfuðið en factorar
fellu úr hor. Þá urðu kjafts högg og kinn hestar
aðal innlegg til Gjósmynnara. Þá andaðist Steinvör
dóttir [illegible] sauða Vinde hertogi af gjörningum
Þrándar í Götu, en reis upp innan þriðja daga og
hvaðst hefna mundi grimmilega á Þrándi. — Þá stofnaði
bakkus [illegible] Good templara fél. svo öflugt að vín menn
fóru á höfuðið. — Þá var svo mikill bitvargur
í Vallhólmi að bændur þóttust fyrir sjá fulla
eyðileggingu sauðfjárins ef ekki yrði bót á ráðin

Tóku sig þá til nokkrir ungir menn og þeir
er vaskastir voru og hlupu uppí skaðvæna tönnu
og fengu komið henni ofan í sýru ker í Vallholti
Kom þar þá til Þórða Þorl. spaki og bað sýna sér
dýrið, en er honum var sýnt hvað hann þetta
vera meinlausan hund flotaing.
Þá var hallæri svo mikið að menn átu eld og
að var höfuð skepnur, en nokkrir urðu ærðir af
hungri og rifu sig á hol og röktu úr sér garnirnar!

Kári

## Trúmála hugleiðingar

Hver sá sem elskar fósturjörðina sína og lætur
sér annt um framför hennar og blómgun,
hlýtur að gleðjast yfir sérhverju því fótmáli,
er þjóðinni miðar áfram á menntunar stöðu
og hagsæld. Nú þegar við snúum athygli vorri sér
staklega til sjálfra vor og saman berum þann
tíma er vér lifum á við liðnar aldir, þá getum
oss ekki dulist það að margt er til umbóta hvorju
se með ári hverju smásaman að ryðja sér til
rúms á ýmsan hátt, eftir því sem hugmyndir
manna verða ljósari, og félagsandinn glæðist.

þekking alþýðu manna hefir mjög ákist
á margar hliðar frá því sem áður var,
þá er mjókviður fáfræði hjátrúar og hleypi
dóma fylti sveitir og dali þessa fátæka
fámenna lands. Nú er það mál margra,
og það jafnvel útlendra vísinda manna,
að alþýða þessa lands sé betur ment, en
títt er erlendis. Þetta er því undra verðara
sem hér á landi er mjög lítið um alþýðu
menta stofnanir eða lýðskóla.
Einn hinn bezta lofstýr hafa þó Ísl.
fengið fyrir trúrækni sína, og saga
vor ber þess margan fagrann vott, að
hjörtu þeirra hafa verið gagntekin af lífsafli
trúarinnar. Þannig eigum vér frá fyrri
öldum marga ágæta sálma og eru sumir
þeirra fram ortir af alþýðu mönnum,
og getur enginn sem vill hlutdrægnis-
laust dæma, og skyn ber á andleg efni
annað en dáðst að þeim trúar krafti,
þeirri einfeldni og þeirri auðmykt sem
þessir hinir andl. söngvar, bera vott
um, og gjörist ekki þörf á að leiða
dæmi, til að sanna það mál, þar sem
verk þessara manna, hrærta enn í dag
hina viðkvæmustu strengi hjartna vorra.
Í óbundnum stíl á lít eg nóg að benda
mönnum til guðsorða bóka Jóns byskups
Viddalins, þótt mörg fleiri dæmi mætti
nefna. Verk þessa trúar styrkva mikil-
mans sem ávalt sjálf bera ljósastann
vott um það afl andans sem guð hafði
gefið honum, og það kastar að minni
áliti engum skugga á frægð hans, þótt
skynsemistrúar guðfræðingar um aldamótin
1800, þætti hann vera orðinn á eftir tím-
anum. En það eru ekki eingöngu verk
hinna miklu guðfræðinga, sem bera vott
um lifandi trúar anda hinna eldri tíma;
heldur mætti svo að orði kveða að trúræknin
væri samgróin þjóðinni.
Uppeldi unglinganna hafði það sjónar-
mið að gjöra þá guðrækna, því frá blautu
barnsbeini, var hjá þeim vakin ótakmörk-
uð hlýðni trúarinnar og lotning fyrir
öllu því er háleitt var er og heilagt, og
það eru að staðar lausar getgátur og rangur
hugar burður. ymsra seinni manna að

trúar skoðanir feðra vorra hafi verið
einstrengingsleg afsatrú enda eru slíkar
attanir nú á tímum af mörgum
gáfuðum mönnum viðurkendar.

Menn voru á fyrri öldum lausir
við þann sér þótta, sem þykist hafa
lykil vizkunnar og vill ekki trúa nema
hann geti skilið, heldur gáfu þeir sig
fangna undir hlýðni trúarinnar, með
barnslegri einfeldni, og voru sælir af,
„að trúa þótt þeir ekki sæu." Í öllum atriðum
lífsins voru athafnir manna helgaðar með
orði trúarinnar. Enginn hóf svo leið
sína að heiman, að hann ekki læsi ferðabæn,
og enginn neytti fæðu sinnar fyrr
en hann hafði lesið borð sálminn, og eru enn
menjar þessa fagra siðar hjá einstaka
mönnum, og ekki láta útlendar menta
þjóðir sér minkun þykja að slíkum
siðum.

Eg ætla mér ekki að leiða nein föst rök
að því hvort þessu trúræknis ástandi
manna hefir farið fram eða aftur,
síðan hin svo kallaða skynsemistrú
læddist inn í kirkjulíf vort.

Eg ætla ekki að rekja krókstigu vantrúar
andans, eða hjá trúarinnar, heldur hinga
þessar sundurlausu setningar. eingöngu
að þeim tíma sem vér lifum á, og sá sem
ritar línur þessar, vonar að félagar sínir
misskilji ekki svo orð sín, að þeir
vilji ekki leiða huga sinn til að gefa
því athygli hvort það er hégóma málefni
eða hefir við sannindi að styðjast.

Jafnvel þó sumir rit höfundar
hafi brugðið hinum fyrri alda mönnum um
einstrengingslegar trúar skoðanir, og
þótt þess verði ekki dulist að saga lands
vors, beri þess vott, að samfara þessum
mikla trúar hita sem einkendi t. d.
17. öldina bryddi á margvíslegri hjá trú
eins hjá oss Íslendingum sem víða erlend
is. Þá hnekkir þessi annmarki ekki
~~lofst~~ þeim lofstýr sem trúar andi
hinna fyrri alda á með réttu skilið.

(Framhald)

# Árgeisli

## Andrúmsloftið

Niðurlag

Flestir kannast, að líkindum við það, að hafa séð ryk þyrlast frá gólfi, þá sópað er, eins við hreyfingu sumra fata ofl. Vér hrífumst séð og sjáum enn hrákl á gólfi og sjáum að hrákornin þessa, rykið frá gólfinu sogast niður í lungun. Enginn getur sagt nema þar í leynist hin alkunna illræmda berklaveikis baktería. Þetta alt er afar áríðandi að athuga.

Mig langar til að færa litinn útúrkrók frá aðal málefninu, og skýra lítillega frá starfsemi berklaveikisbakteríunnar þegar hún kemur niður í lungun. Þessi nefnda baktería er svo lítil, að 2–500 geta legið hver við annars hlið á 1 m.m. Sér þær í þessa þola þær yfir 100° + á C. en í rökum drep-ast þær við suðu hita. Þegar þær hafa komist ofan í lungun, hefst brátt barátta milli þeirra og hvítu blóðkornanna í blóðinu, og líf mannsins er undir því komið, að hvítu blóðkornin beri sigurinn úr býtum, í þessari viðureign. Sólarljósið er hið bezta vopn ~~til~~ að eyða lífskrafti bakteríanna. Í herbergi þar sem berklaveiki er, ríður á að gler sé í móti gólfi eigi minna en 1:5–6. Einnig hefir hjúkrun góð fæði mikið að segja í þessu tilliti, að mót standa lífskrapti bakteríunnar.

Skal eg nú aftur víkja að aðal málefninu. Ef menn hafa ekki opið auga fyrir því að andrúmsloftið sé hreint, í íbúðarhúsum, verða naumast gefin ráð sem nægja því þeim yrði heldur ekki hlýtt.

Eins og á var drepið vinna ofnar minna að því að bæta loftið, en skildi, sakir þess, að mörgum er hulin sú nauðsyn að hafa loftstreymisgöt við loft og gólf. Kalda og hreina loftið kemur inn að neðan því það er þyngra en það heita. Herbergisloftið streymir út að ofan, með þau óhreinindi sem það hefir tekið til sín við öndunarstarfsemi vora.

Á þennan hátt er hægt að fá loftið hreint í herbergið, sé (loft) ofninn reglulega kyntur. Sé loftrásin (Ventil-ationen) með góðum útbúnaði geta fleiri búið í herberginu loftsins vegna, því það má ætla hverjum manni þörf teningsfet af lofti, en annars.

Það er í þessu sambandi hagkvæmt, að ofnar séu fægðir, en ekki ryðgaðir og svartir. Hvítir hlutir og ~~svo~~ fægðir eru að sönnu lengur að hitna en dökkir hlutir, en þeir ~~vinta~~ láta hitann að sama skapi hægra og jafnara frá sér, og er það að öllu leyti hentugra, heldur en að fá snarpan hita skamma stund.

Þegar ofnar eru ryðgaðir hafa þeir meira yfirborð en fægðir og einnig af þeim orsökum sleppa þeir hitanum fyr frá sér en fægðir ofnar.

Hér skal eg enda við að því, sem margir halda af, að bæti andrúmsloftið.

Grænar jurtir vinna Kolsýruna úr loftinu sér til næringar, og byggja sig upp af henni, einsog vér byggjum vora líkami upp með fæðunni sem vér neytum. Þessi neyzlustarfsemi jurtanna nefnist

<u>Kolsýrumelting</u> (Colsyreassimilation)

Af þessari Kolsýrumeltingu eða Kolsýruneyzlu jurtanna leiðir það að Kolsýrumagnið í andrúmsloftinu helst í réttum hlutföllum við önnur efni þess. Neyttu jurtirnar ekki jafn mikils af henni og framleiðist, við allar brennur yrði loftið eyðileggjandi fyrir alt líf í heild sinni.

Þessi nefnda starfsemi jurtanna, verður aðeins þegar þær hafa við nægilegt dagsljós að búa. Á daginn getur þessvegna verið gott að hafa grænar ~~plöntur~~ jurtir í íbúðarhúsum, því þær vinna þá Kolsýruna úr herberginu. En um nætur skal hreint ekki hafa þær í svefnherbergjum sakir þess, að við andardrátt sinn taka þær til sín súrefni en anda frá sér Kolsýru en Kolsýrumeltingin á sér þá ekki stað af fyrnefndum ástæðum.

Eg læt hér útrætt um loftið, og viðurkenni að margt af því mætti betur segja og mörgu viðbæta, og að eg hefi farið ýmsa króka frá málefninu, en meðfram af því, að það hafa verið fróðleiksmolar, er hafa að einhverju leyti átt skilt við aðalmálefnið.

Að ég réðist í að rita þessa grein, kemur til af því, að ég tel það, eitt af verkefnum blaðsins, að færa lesendum sínum fróðleik, þó í smáum stíl, er veki þá til umhugsunar á því marga er vér daglega þreifum á, en vitum ekki gjörla hvaða lögmáli hlýðir.

Kristján Sigurðsson

Það var fagur júnídagur. Sólin var næstum því komin í hádegisstað. Himininn var heiðskír, en uppyfir hafinu niðri við sjóndeildarhringinn, sást lítið eitt í dökk~~blá~~grá blikurönd.
Hann sat við gluggann sinn. Fyrir framan hann lá stórt málverk, sem mikið vantaði til að vera fullgert. Hann hafði málað allan morguninn, en nú leit hann upp. „Veðrið er svo indislegt fagurt, því skildi ég ekki njóta þess aðeins litla stund." Sagði hann við sjálfan sig og opnaði um leið gluggann og hallaði sér út í hann.
Fuglasöngurinn ómaði í loftinu. Blómin sendu frá sér hressandi þægilegan ilm og var blærinn andaði svo indislega þýtt og vinalega. „Ó! hvað það er indælt að lifa og að vera ungur", hugsaði hann.
Fegurð náttúrunnar hreif hann, svo hann gleymdi sér. Allt í einu hrökk hann upp, við það, að eitthvað snerti vanga hans. Það var gluggatjaldið sem bærðist fyrir golunni. Hann leit við ....
Hún stóð í dyrunum með fullar hendurnar af blómum. Augnablik horfðu þau hvort á annað... „Gefðu mér blómin þín" sagði hann allt í einu. Hún blóð snéri sér við einsog hún ætlaði út. Henni fannst þetta svo frálitt. Svo leit hún um öxl til hans. „Gefðu mér blómin þín", sagði hann aftur blítt og næstum því raunalega. Þá sneri hún sér við og horfði á hann.
Nú var hún orðin alvarleg. Svo áttaði hún sig og gekk beint til hans, rétti honum blómin og sagði „Þetta eru öll blómin mín, láttu þau ekki deyja". „Ég skal vernda þau og varðveita ástúðlega" sagði hann, og um leið fékk ~~hann~~ henni hjartan skínandi silfurkross, sem var vafinn í blómsveig. Svo gekk hún hægt í burtu. ~~Nokkra~~
Nokkra stund sat hann og gladdi sig við

blómin. Hann taldi þau, þefaði þau, og kysti þau eitt, fyrir eitt og andaði að sér ilmi þeirra, svo lagði hann þau út í gluggann og byrjaði aptur á starfi sínu. — Og lengi sat hann og málaði, en þegar hann var orðinn þreyttur lagði hann frá sér pensilinn, og leit út í gluggann. Það var komið kvöld. Veðrið var orðið breytt. Himinn var alskýja og vindurinn þeytti skýbólstrunum fram og aptur í loptinu. Það var komið frost og hríð. Nú mundi hann eptir blómunum hennar en — þau voru öll frosin við rúðuna. Dáin, öll dáin, Ó! hvað þetta er leiðinlegt". Kuldinn hafði málað frostrósir á gluggann, en þær voru svo fölar — Honum fanst einsog eitthvað þrengdi að hjartanu. Hann leit við. Hún stóð rétt hjá honum og hélt upp silfurkrossinum. Blómsveigurinn var, en ekki fölnaður. Hún lagði hann á borðið fyrir framan hann: „Blómin mín", sagði hún lágt, „má eg sjá þau, en einusinni"? „Þau eru dáin," sagði hann seinlega, „Dáin"! endurtók hún, og svo fylgdi hún eptir blómunum sínum.

S.

# Sjálfstæði

Einsog það er víst að gott tré ber góðan ávöxt, eins er það víst að sjálfstæðis neistinn í brjósti hvers einstaklings hefir blessunarríkt áhrif á starfsemi hans og starfsþol á mannfélagsins akri. Af fullkomnu sjálfstæði leiðir nægilegt frelsi og önnur nauðsynleg skilyrði til að starfa sem nýtur dugandi og dáðríkur meðlimur síns þjóðfélags. Orðið sjálfstæði ætti því að vera málað stórum stöfum á fána hvers Íslendings, þann fána sem hver einstakur á að byggja undir sína baráttu á orustu velli tilverunnar fyrir sínum og annara lífs þörfum.
Það er langt síðan, það var víðar kent að allir einstaklingar, hefðu einhverjum skyldum að gegna ekki einungis gagnvart sjálfum sér heldur og gagnvart öðrum líka. Þó eru mismunandi skyldur eptir þeim skilyrðum og kringumstæðum sem fyrir hendi eru og ávalt skapa vegina og möguleikana eða ómöguleikana til að framkvæma það sem

nauðsynin brýður. En hald bezta efnið í
brýningunni til að hlífa sér fyrir (einstakl.)
atvikanna ákröfum, er fullkomið sjálfst.
sjálfstæði sem unir við einkenni sig með
skyrsum skaðsemnum, sem fara sitt í mótum
kröfum til lífsins, en útá við með einbeittri
fast heldur við að keppa að göfugu takmarki
Af þessu leiðir nauðsynin á því fyrir einst.
að efla hjá sér sjálfstæði í sem flestar stefn-
ur, því ósvikari vörn gegn þeim ákröfum
er vilja draga úr möguleglikunum til að
framkvæma það sem einstakl. þarf sér og
sínum félagsbræðrum til heilla og hagsælda
Unglingurinn hefir aldrei lengi fetað
sína lífsleið áður en hann verður þess var
að til að fullnægja þeim kröfum, sem hann
nærri ósjálfráðt gjörir til lífsins, þarf
hann að yfirstíga ýmsa erfiðleika og því
meiri sem kröfurnar eru harðar, og einmitt
þessa ómuna, við erfiðleikana, þarf hann
að heyja undir sjálfstæðisfánanum.
Gjörum oss það ljóst kæru félags-
systkyni að eitt af störfum vorra félags
að efla sjálfstæði hvers annars, hlynna svo að
sjálfstæðismistanum hvert hjá sér og hvert hjá
öðru að úr megi verða stærðar bál sem lýsa megi
okkur öllum og hverju fyrir sig, í gegnum ský
og skúra örðugleikanna. Látum ekki falla á
þann fána sem haldið er uppi fyrir sjálfstæði
voru.

Á.B.

## Þau 12. himintákn

Á öllum öldum hafa verið uppi menn
er þengist hafa við að segja fyrir um forlög
manna. Hve mikinn samleik þeir hafa
farið og fara með, er reyndar óvíst. Þó mun
um vér nútíðarmenn, að minnsta kosti
vér Íslendingar verða gjarnir til að vefengja
áreiðanlegleik þeirra og kröfum vér þar alls
það náttúrulögmál er vér þekkjum og einnig
þekking vora á ófullkomleik og skammsýni
hins mannlega í öllum greinum, vor megin
til að styðja þá skoðun. — Vísind. óskiljanl.
kyngimenn hafa auðvitað verið til og þá
getum vér ekki dæmt um, og einnig er óvíst
hvað framtíðin leiðir fram, efla sálarkrafta

í þessu sem öðru. — Yfir höfuð að tala
hlýt eg að halda því fram, að þeir menn
sem við slíkt hafa fengist hér á Ísl. og
líkl. annarstaðar líka, hafa einungis viljað
sýnast, og mest ef þeir hafa álitið sjálfir
að þeir væru einhverskonar megnugir og fengi aðra
menn til að trúa því einnig, en allt þessa
forlaga hjal hafi verið mock laus mark
og fimbulfamb. — Það sem hér fer á eftir
geta lesendurnir ekki álitið að sé (settsem) „heilagur
sannleikur". Þó vitanlega geti altaf skeð, þar
sem margt er sagt og mörgu spáð, þó gangi
eitthvað eftir — heldur til gamans, og gefa oss
ofur litla hugmynd um hvernig einhver
jinn öldung(ur) 17. eða 18. aldar hefir tekist og
hugsast þegar hann var að bagsa við að reikna
út forlög allra manna, eftir himintunglum
táknum, tali og hans hreina mál og
fagra orð þær, og setninga skipan, ásamt
öllum sínum aðdáanlegu mótsetningum halda
sér, svo eg ekki sé orsök í að það tapi
gildi sínu og krafti!
Þið þær sem fædd eru undir merki vatnsberans, hlustið á hvað hann segir:

1. <u>Vatnsberamerki</u>. Nær frá 20 Januar til 20 Febrúar
Hver sem undir því er fæddur er af Saturnusar
náttúru, langvinnur, hreinn og vitur, nánnlega
með stutt nef, og fögur augu. Þegar hann reiðist
talar hann þó samgjarnlega. Er heppilegur
í öllum sínum verkum, heiðarlegur hjá
mönnum, líður fátækdóm, er sannindafullur,
hatar lygi og lygnamenn. Fær ör
á sinn handlegg, og verður oft bestur af sínum
bræðrum, lifir sína foreldra og mun elska
kvennfólk. Undir sama þessu merki mun
hans dauða stund verða, og þó hann hefir
lifað 30 ár kemst hann (~~kemst hann~~)
til gleði og hvíldar, og heldur hann henni
til dauða stundar. Hann hefir sína lýsing í
ferðalagi og flutningi, og verður snemma grá-
hærður. Fær eina konu. Hans sjúkdómur
vottar sig lengi í hörundi í brjóstinu og hjarta
og innýflum, og lifi hann 32 ár verður hann 80
ára. Stúlkan hefir sömu náttúru, verður
hyggin og haldinorð. Með stórri mæðu safnar
hún auðæfum með sínum bræðrum. Eitt dýr eða hundur
gjörir henni skaða. Að áðurlýstu fellur fyrir henni
einnig fyrir karlmanninum. Framh. tíma 11 mótjo síðar
A.B.

# Molar

Hagabrygð sem liggja í þessari línu út frá nefinu og kallast lítið eitt ofan að þunnu munninum (Flatbyndar) og eru samhliða smá gjörfum andlitisdráttum bera vott um næmleika sálarinnar og viðkvæmni, en ekki starfandi eða sjálfstæða andlega hæfilegleika
# # #

Þá menn óþarft að varast, sem þorðast að horfa í augu vor, þegar vér vitum þeim eptir tekt, en stelast til að rannsaka oss er því halda að vér gætum ekki að því. # #
Lítið uppbrett nef með skörpum dráttum ber vott um kænsku, dutlunga, og vélræði; en jafnframt ríka tilhneiging til að njóta lífsins í sem fyllstum mæli ——.
Munnurinn sýnir oss sjaldan einkenni. Hann sýnir oss hvorutveggja í senn hjartans og sálarinnar dýpstu og beztu tilfinningar og aptur galla. Jafnframt því sem vér getum með undrun og aðdáun dvalið við munninn smágjörfa og fögrum lögun og orðið hrifnir af hans indæla brosi, þar sem kærleikurinn sýnist hafa tekið sér bústað og vaggar sér í brosgárunum, eins getur hinn ófarðalgjörði og viðbjóðslegi munnur næstum sannfært oss um að skaparinn hefði einungis sett munninn, til að taka á móti fæðunni og fylla magann.
Skáldin hafa svo lengi, sem sést aptur í tímann, einróma kveðið um munninn, sem kærleikans og tilfinninganna talandi vott og margur munnur virðist (benda) mynda boga ástaguðsins og er sem gjörður til að skjóta örfum hans. # # #
Saman herptur og vera þunnur munnur er liggur svo mikið saman að það rauða í vörunum sést mjög lítið, ber (vott um) óbrigðult merki kulda og kærleiksleysis, ásamt tilfinningaleysi og sjálfselsku

Framhald.

# Árgeisli.

Ritnefnd:
Björg Hansen
Aðalbjörg Jónasdóttir
Kristján Sigurðsson.

Ár 1908. 5. blað.

---

## Einkunnarorð („Motto"):

Blikar geisli á bröttum tind
brosir inst við huga mínum,
heita, blíða himinlind;
helga vin á fjallatind.
Eg vil fína elska mynd
auðmjúkt hneigja ljóma sínum.
:,: Blikar geisli á bröttum tind
brosir inst við huga mínum :,:

Fossar óma fagurt mál
fjör og þrek í tónum ljóða
kveða um lífsins storma og stál
styrkinn treysta í þjóðarsál.
Drekkum fossins dýru skál!
drengjum afl og fylgi bjóða.
:,: Fossar óma fagurt mál
fjör og þrek í tónum ljóða :,:

Skýrast rök frá huldum heim,
hugur kannar nýjar leiðir,
úr djúpa, auðga guðs síns geim
gullið skaltu bera heim;
haltu um það höndum tveim
hreina geisla á veg þinn breiðir.
:,: Skýrast rök frá huldum heim
hugur kannar nýjar leiðir :,:

Leitar á að unnarströnd
æðsta mark hjá gróði setur.
Heil og frjáls skal ýtur önd
eining tengja dal og strönd.
Enn í hylling ókunn lönd
og með samhug skýrast betur.
Leitar á að unnarströnd
æðsta mark hjá gróði setur.

Öskulind í ungri sál
eg vil hlýða rómi þínum,
leiftur fagurt logabál
láttu skína í hverja sál,
kendu mér þitt kærleiksmál
kvöldum hjá öðrum mínum.
:,: Öskulind í ungri sál
eg vil hlýða rómi þínum :,:
H.H.S.

## Þankabrot og hugleiðingar.

Það var kvöld eitt í Júnímánuði. Eg var í þungum huga — hóf göngu frá kaupstúninu og stefndi til fjalls. — Mig langaði útí sveitina — uppí fjallið til blómanna og lindanna — burt frá hinu svipláusa kaupstaðarlífi. En hvers vegna? Því leitum vér hugléttis hjá fjallanáttúrunni þegar hið mótdræga lokar sundunum? Svarið kemur innanað, frá instu og hógværustu taugum mannlegrar vitundar og svarið er í fáum orðum þetta: Því fjær sem vér erum því ógæfelda — en með því sem vér unnum, því meiri fullsæla og hugléttir. Þetta hefir verið, er og verður ætíð svona.

Fjallanáttúran samþýðist öllu öðru fremur, það heilbrigða í manninum. Í frjálsri fjallahlíð syngur náttúran sín fegurstu lög og sál unglingsins stígur spor sín eftir hljóðfalli hennar og gleymir öllu nema þessu eina.

Fjallið mætti augum svipfrítt og mikilleitt, búið grænum kufli. Hægur andvari rann eftir hlíðinni, hljóp léttstígur ofan brekkuna, og kom hlæjandi að blómunum og heilsaði með kossi. Þetta var blessuð kvöldgolan. Nú var eg kominn langt til fjalls. Ó! hvað eg hrestist við kvöldgoluna. Lungun drógu hana til sín í stórum teigum með fasti og stokku á svipstundu. — Hugur minn náði jafnvægi.

Eg tók mér sæti undir litlum skógarrunni. Sterkan blómilminn lagði fyrir vit mér og tilfinningin naut þagnarinnar í ríkum mæli. Eg mintist þess, að sjaldan hafði mér þótt náttúran kveða með jafn vorljúfum rómi sem nú. Allur var söngurinn samstiltur og tók hugann með sér, og vakti hjá mér

brennandi þakklætis tilfinning til höfundar alls þessa; og eg finn til þeirrar löngunar sem vér höfum að láta gott af oss leiða.

Sú hugsun vaddist inná mig hve oft og sjaldan þjóðkirkjuprestarnir setja mannlífið í samband við náttúruna umhverfis oss og hve sjaldan þeir vekja athygli fólksins á hinni óþrjótlegu lærdómsbók náttúrunni. —— Er það ekki einmitt guðsorð sem þar er skýrt og skráð? Jú því guðs ímynd er öll sönn fegurð. Mér fanst einnig eg verða þess var, að þjóðkirkjan gerði of lítið úr þeim guði, sem er í oss sjálfum; ekki nógu viðsýn í því tilliti.

Það hefir aldrei þótt notadrjúgt til hvatningar, að berja það inn í einstaklinginn, að hann vanti í sig öll skilyrði til atorku og drenglyndis o. s. frv. Börnin hafa þá fyrst orðið [illegible] hyrstöðingar, er foreldrarnir hafa komið hjá þeim trúna á þeirra eigin kröftum. Gjöri þjóðkirkjan sig sekka í þessum nefndu atriðum, eins og einmitt reynslan vill sanna, um leið hindrar hún þeirri viðleitni vorri, að nálgast guð.

Þá fyrst beitum vér oss til hins ýtrasta, er oss er bent á möguleikana í oss sjálfum til að fylla málið þarfa vorra.

Getur það verið synd, að vér tölum um guð í oss sjálfum? Með því finst þjóðkirkjunni vér setja oss á bekk með guði vorum, — eða svo virðist mér það. Óneitanlega er það margt gott sem hún segir, en víða kreppir stórum um of, að börnum mótinu(?). Þau segja: Vér viljum í engu að þjóðkirkjan breyti svo, að hún æti sig í blóð heilbrigðra hvata, trúarskoðunarsviðið má hvergi eiga sér takmörk. Trúin er tilfinningamál, eitt hið stærsta, og því heyrir hún að vera skoðunarmál sjálfans.

Öll þau mál sem snerta tilfinninguna t. d. kærleikur, gleði, sjálfstæði, jafnrétti o. s. frv. eru að sama skapi fullkomin skoðanamál.

Vér elskum þig frelsi. Því guðlegi máttur, vor innri maður, skipar að kljúfa þrítugan hamarinn til því en oft, á þeirri tíð, er þörf að beita kraftinum ýtsta, um sitt fullyngi; hann getur orðið heyrð, á eyðimörk sem í aldingarði; eins að hugur fylgi máli, en á því síðar sérstaklega.

Vér vitum, að vér þurfum að þreyfa oss áfram; erum breyzk börn, ekki algjör, en brotahluti guðdómsins býr í hug og hjarta, það er huggun og framhvöt. — Á þetta skal minst. — Breyskleikasyndir verða fyrirgefnar fyrst og fremst.

Vér hötum þig útskúfun. — Hver ertu, sem neitar einum eiginlegleika guðs, miskunnseminni? Hver ertu sem dirfist að álíta, að guð vor beri lagra hlut frá borði; að hann sleppi hendi af eign sinni? Að hann bresti þolinmæði og gæzku? Ja, þú segir: „Það gefur hverjum sem hann er góður til". Jú ég neita því ekki, að til er hegning. „Hið illa hýtur sig í halann. Hegning er það á oss, að hinn verri maður kemst seinna til gleði og friðar en hinn betri. — Í skóla þykir það hegning hinum lata og skeytingarlausa, að hann kemst seinna uppí næsta bekk en hinn áhugasami. Hér ræður aflsmunur. — „En guðs þolinmæði mun aldrei linna".

Fjöldinn finnur, að staðbundin þjóðkirkja, fær ekki alla þá svölun, sem leitað er að í trúnni. — Fordæmingarhugsjón bendir á trúarleg dauðamörk, hvar sem hennar verður vart. Mér fanst þjóðkirkjan orðin á eftir, meðvitund vor finnur huggun í fyllra mæli utan við takmörk hennar; — finnur að geislabrot guðlegrar náðar bogir ögn frá sjónum vorum. Það er gleðiefni. — „Jafnvel öll yðar höfuðhár eru talin." —

Lítil silfurtær lind hreif mig frá þessum hugsunum, hún braust sér veg gegnum moldbundinn jarðveginn skamt þaðan er ég sat. Ég hafði ekki tekið eftir henni fyr. Sólin skein á bylgjur hennar, blásvörtir krystallar mættu auganu eða svo virtist mér, sjón mín losti sig inní þessa mynd og mér kom í hug barnshjartað saklausa. Lindin söng sín gömlu og góðu Íslandslög, tónar hennar blönduðust raddhreinum fuglakliðinum og þessir samstiltu tónar báru hugann langt burt í hinn ómælanlega geim.

Draumkendar heitar tilfinningar stefndu til hjartans, líkt og væri ég heillaður af ungri fríðri og óspiltri meyju. Það var náttúran sjálf, ég var í heimboði hjá sjávinu, hirðinni, ilmin-
um

og kvöldgolunni. Ég þekti þau síðan ég var í sveitinni. —

Lengst aftur í landi minninganna leit ég bernsku mína, hún brosti við hugum mínum og minning hennar færði með sér hlýja strauma hjarta og geislastafi; en snertingin verður jafnframt angurblandin, því fyrst er vér erum fullorðnir, vitum vér aldrei eins vel og þá, „hve æskan er ljúf og fögur". Hér hjá oss fullorðnum er hún þrautaþ form; sakleysisblóð hennar farin að deyfast. —

Ég minnist þess, hvað fyrst eg vaknaði til míns sjálfs. Það var á gilbarmi, skamt frá heimili mínu. Hár og tignarlegur foss féll eftir þröngum gljúfrum. Það drundi ömurlega í svörtu berginu, úðarokunnar fnæsti frá brjóstum hvolskeflanna eða á barma. Neðan við fossinn tók við sléttur hylur, var hann sem kjörinn friðarpostuli í ríki hins geðstóra giljakonungs. Öldur fossins hnigu titrandi af geðshræringu í faðm hylnum er svæfði þær. — Alt varð kyrt og rótt. —

Ég horfði með barnslegri eftirtekt á þessar hamfarir. Sólargeislarnir brotnuðu í úða fossins og hyllingunni, þaðan stefndu þeir til augans undir sama vinkli og þeir hittu vatnið. Ég sá „himininn í allri sinni dýrð" niðri í vatninu. Ég hugði hylinn vera botnlausan. — Var þá líka himinn niðri í vatninu? Ég vissi það ekki; — skildi það ekki þá, að sólargeislarnir voru orsök þess himinsins er ég sá í vatninu, — að þeir færðu niður í vatnið, mynd þess hluta himinsins er þeir stöfuðu frá. Ekki heldur þá starfsemi fossins að hann, með tímalengdinni hefði grafið sér þennan djúpa farveg gegnum blágrýtishamarinn.

Skamt frá fossinum var búsmali minn í haga; ær og kýr, að sönnu horn og leggir, en samt hugsmíninni ærið verkefni. Starfsþrá og gleðiþráin eru nátengdar. Áður en barnið er nokkuð „vaxið úr grasi" réttir það sig eftir hlutunum, vill fara höndum um þá; gera sér þá undirgefna; þetta er starfseðlið. Barnið grætur ef hluturinn er tekinn af því og það fær ekki lengur að ráða yfir honum. Hér er ánægju þess og starfsþrá misboðið. Þetta sannar oss

að mikilleyti að vinnan, starfsins einmitt
veitir þá fullkomnustu ánægju sem lífið leitað
— Nú vill einhver spyrja: Hvers vegna
börnin finna ánægju að hörnum og leggjum
o.s.frv.? Það hafi fullorðnir ekki. Svarið virðist
augljóst. Hörn og leggir eru líking hinna virki-
legu dýra að börnunum virðist, og samsvarar því
að hugsanir barnsins eru vísir til þroskaðra
hugsana; líking virkilegra hugsana. Allt fylg-
ir þetta réttu lögmáli. Spekingurinn gefur
sig ekki í rann og veru að hörnum og leggjum
og leikirnir fylgja ekki af hugsjónum hans.

Dagar og ár liðu, tíminn færði með
sér breytileg-leika sem hann er vandi, vér
smá fjarlægjumst æskuna en alvara lífsins
um vefur hugann líkt og þoka tind.
Mörgum árum síðar kom ég að gamla gil-
búanum aftur, nú kvað hann með öðrum
róm en fyr, rómurinn þyngri og þróttugri,
hver hljóðbylgja minnti á að „lífið er starf-
semi og starfsemi er líf“. Hér átti fram-
náttúran sinn sterkasta streng sem hátt
kvað. Enn voru hér hjá fossinum hornag
leggir, ekki samt minningamlir fénaður.

Einhver börn höfðu fylgt sama hætti.
Ég brosti að þessum æskubrekum, hugur minn
var allur burt þaðan. — En hvað svo? Hvar
hafði hann verið síðan? Í rann og veru hafði
hann einatt verið á leiðinni til þessa staðar, hvar
ég sat þetta kvöld, því lengra var hann ekki
kominn í verkinu. Jafnan hafði hann verið
smástígur og í ráðafári, einstæðings hjarta
löngum verið hans hlutskifti, fáar hvetjandi raddir
höfðu létt honum leiðinni, nema hvað hans eigin
framsóknarþrá, hafði af og til minnt hann
á sjálfann sig og veginn framundan.
Stundum hafði ráðið minna eigin hugsana
sýnst mér yfir land og lá á „grænt haglendi
og gnægð fjár og frama“ og þar stundir var
ég staðráðinn í að ganga áfram á hólm við
ómátbörnu lífsins og treysta gæfunni; en svo
vildi efasemdin skifta sér hér af málunum
og hennar tillögur voru jafnan þessar: Annað hvort
sigraðu eða tapaðu. Mér fanst hún jafnan
hafa eitthvað til síns máls efasemdin og þann-
ig gekk tíminn í að svara þessum spurningum:
Á ég að vera kyr? Eða á ég að fara? Já ég vissi
það ekki. —

Móðir dagsins sté milt og hljótt á
sæng sína hið grænbláa haf. Eldrauðir
geislastafir teygðu sig yfir hafið breiddu
sig yfir hlíðina og tilkyntu að dagur væri
nú að kvöldi runninn, þeir kvöddu og fóru.
Aldrei fer mér hlíðin úr minni þar sem
hún stóð á sínum rauðbrýndan aftan[illegible]
Hafið dró [illegible] í fang sér þúsundir geisla.
Bunga hafsins bar á milli augans og
sólarinnar. Dögg vot ~~[illegible]~~ stráin drupu höfði
og hneigðu krónur sínar í þá átt er sólin
hvarf þeim. Eg skildi það svo að móður hlíð-
an syrgði þessu, þau voru jarðbundin en gátu
aðeins lagt höfuðin.

Himininn var heiður og blár; aðeins
eitt lítið ský sýndist hafa tekið sér sæti á
hafflettinum nyrst við sjóndeildarhringinn og ann-
að [illegible] ekkert ofar á lofti, lítið og það hvíldi
á ósýnilegum geislaþráðum. Kvöldroðinn
sló gullbjarma á jöklana fram, og höfði hlýi
varð yfir þá furðusjón, en í hug kom mér vísa
þessi eftir Einar Benediktsson:

„Minn hugur spannar himingeiminn,
mitt hjarta telur stjörnusveiminn
er eygir sig í heiðloftshyl,
svo hátt og vítt mér finnst ég skynja guðs veröld!
Andans hlekkir hrynja sem hjóm, við þetta geislaspil.
Mér finnst ég elska allan heiminn
og enginn dauði vera til."

Eg tók samanburð á íslenzkri sveita
og fjallanáttúru og glepjandi glaum borg-
anna; þar sem skartkalinn ráðar hverja hugs-
un. Þá varð niðurstaðan, að ekkert vekti betur
það heilbrigða í sál unglingsins en sambygð og
sambúð hans við íslenzka náttúru í sinni
viðhafnarmesta skrúða.

Eg dróg dæmi af tveimur unglingum; annar
fæddur og uppalinn í borg, lífið setti hann auð-
vitað í samband við borgarskilyrðin, er tala
þrávalt miður hollu máli við sál unglingsins
áður en hann kann að velja og hafna. Oft
sjást þess merki að unglingur þessi hefir tileinkað
sér ytri kurteisisreglur yfirborðsfegurð framar an-
hinn. Hann veit oft betur hver framkoma á best
við þá og þá í ytri háttsemi.

Hinn unglingurinn er fæddur og fóstraður
við skaut íslenzkrar sveitanáttúru, hann er
innblásinn af hennar sérkennilegleik. Hann

er nokkurskonar álfadrengur. Þegar hann kemur í borgina, fellir sig ekki við hljóðólæti þar og „tískubraða“ sem borgardrengirnir fellir sig best; glamur tímanna of léttúðugur og sporið of hratt; hann hlustar hvort hann heyri ekki mjúkum ljúfum tónana sem íslenzka náttúran kveður og sem jafnframt bergmála sterkan lífsóð og framhvöt. Hann elskar þá tóna, þeim er hann samgróinn. Hann hlustar aftur. Nei hann verður þeirra ei var. hann nýtur sín ekki hér. ——

Það var komin nótt, og mál að snúa heim til hvíldar. Á heiðinni ofan fjallið söng eg á ofaná þessa vísu eftir Steingrím: „Ó, þú sveita sæla“ o. s. frv. Aldrei hafði mér þótt hún eins falleg og nú — aldrei skilið gildi hennar eins vel; — nei aldrei —

Kr. Sigurðsson

## Hitt og þetta.

Það er auðveldara að uppgötva smáyfirsjónir heldur en sjá stórar dygðir.

Fáir menn eru svo tilfinningalausir að ekki megi vinna kærleik þeirra með vægð og vinahótum, traust þeirra með einlægni og hreinskilni.

Það sem eg skil ekki, get eg hvorki lastað né lofað.

Kappkostaðu að varðveita gott mannorð, því það er og verður ætíð besti dýrgripurinn þinn.

Getir þú ekki sagt neitt gott um meðbróður þinn, þá er best þú segir ekkert um hann.

Sá er bestur kennari sem vekur löngun áheyrenda sinna til þess að læra meira.

Sá sem gengur svo hart eftir réttindum sínum hjá öðrum að hann beitir hörku og ónotgetni einungis af því hann hefir rétt til þess, er í sannleika lúalegur maður.

Varastu veg þann er fjöldinn gengur, því hann er rykugur.

Að sigra hjarta sitt er mikilsvert, en að sigra með hjarta sínu er þó meira vert.

Margir níða fjöldann en athuga það ekki

að því heyra honum til.
Fækur vinur er eins og skugginn manns
Meðan sólskinið er, er ómögulegt að losast
við hann, en óðar og dimmviðrið kemur, er
hann gjörsamlega horfinn.
Stattu ætíð stöðugur en aldrei kyr.

Hefna

## Samtal.

A: Komdu blessaður og sæll! B. minn; eg get
ekki lýst því hvað það gleður mig að hitta
þig heima og fá tækifæri að segja eitthvað við
þig.
B: Segjum við tveir, það er nú eins fyrir mér
eg læt mér ekki standa á sama við hvern eg
tala, eg er nú svona gerður. En eg læt þig
vita, að þú ert einn af þeim sem ætíð ert
velkominn til mín, og veit líka að þú
hefir eitthvað nýtt að segja A minn og eg
gef svo mikið fyrir það.
A: Þessa síðasta er ekki til getið, en verst hvað eg
á annríkt, eg get ekki tímans vegna sagt þér
nema lítið af því sem eg reyndar hef frétt.
B: Þú hefir gott af „þinna" A. minn. Skál! uppá
nýjar fréttir, gjörðu svo vel.
A: Þökk fyrir. Skál! Heyrðu nokkurntíma heyrt
annað eins og það B minn að Steinki ætlar að fara
að búa í vor og kaupa sjávarútveg líka, og hélt
þó að einhver væri fjærri til þess en hann, maður
sem ekkert getur.
B: Eg ætlaði einmitt að fara að segja það.
A: Nei, eg ætla annars ekki að tala um þetta.
Heyrðu ekki heyrt að þau eru trúlofuð hann
Jón Kunningi og hún Gróa, hún var þó lofuð
tveimur áður eftir því sem eg komst næst.
B: Hvaðan hefurðu það sé satt?
A: Ja þér að segja er eg ekki alveg viss um það
Pétur sagði mér það og Páll sagði honum
einhver hefði sagt Páli og beðið hann fyrir það.
Eg var ekkert beðinn fyrir það. En svo langaði
mig til að vita þetta betur, svo eg kem fram
yfir háttatíma í gærkvöldi, það var að sönnu
kalt úti svo eg nenti ekki að vera eins lengi
en vertu nú hægur. Þegar eg er að fara inn
sé eg hvað tvær manneskjur koma og fóru eftir
með hægt eg held það hafi verið þau.—

B: Hvað heyrðurðu svo?
A: Ég heyrði hana einusinni segja: „elsku“ og „líka: ég er fús til þess“. Það var annars hæf ilt að heyra.
B: Nú þetta er líklega alveg satt. En mikill fjandi! Þarna kemur hann D. og þarf að finna mig.
A: Ójá það var slæmt, og við erum eiginlega ekkert farnir að tala saman, en ég verð að fara.
B: Gæturðu ekki komið seinna?
A: Það hefði þurft að verða. Vertu sæll.
D: Góðan daginn B.-minn.
B: Hann var hérna núna hann A. okkar hann þurfti margt að segja auminginn. Góðan daginn annars. Sínt fór A. heila hurð fyrir sig.
D: Það er nú aumi maðurinn, það er rétt að reka hann bara út þegar hann kemur.
B: Ónei ekki get ég verið að því, þó hann sé orðmargur. Hann er á sinni hillu þegar hann er að segja þessar sögur.
D: Nei við ættum ekki neitt hvað að reyna að bæta sjóðar út eginn, það er annars ilt að vita hvað nauðsynja málin eru lítið rædd, það er

þó margt sem þyrfti um bæta hjá okkur hér. Um pólitík er aldrei talað. Hverja eigum við annars að kjósa næst, ég veit ekki fyrir mitt leyti hvern ég kýs.
B: Ja ég vil að þingmaðurinn sé þingmaður eða ekki. En ég var að segja þér frá honum rétt áðan. Hann vakir fram á nóttu til að vita hvað fólk hefst að og til að geta sagt frá á daginn.
D. Nú einmitt það. Hvað sagðist í fréttum?
B: Hann sagði þetta um hana Konku og Jón að þau væru trúlofuð.
D: En hefurðu ekki heyrt hverjum Veiga kennir barnið. Ég hef frétt að hún kendi mörgum barnið.
B: Það var henni líkast, þetta er skepna.
D: Ja það er satt, en hún hefir nú víst einkum viljað kenna Þórarni barnið en sagt er að hann vilji ekki gangast við því.
B: Skyldi hann nú mega vélta með henni á „Kont-órinn“.
D: Nei það ekki. Hann er ímynda ég mér ekki sá maður að kannast við barnið, hann á held ég ekkert svo það bætir ekki úr. Gaman hefði ég af því að mega vera réttarvitni þá.

B: Var barnið drengur eða stúlka?
D: Það er ekki von eg viti það, barnið er ekki fætt enn þá. Þetta fréttist betur þegar það fæðist. Trúað gæti eg að Þóarinn væri eitt-hvað seður í þessum málum. — eg hef frétt að hann ætli til Ameríku
B: Einhver var nú nýlega að segja að hann hefði átt að sjást með stelpu á gangi, ekki samt Veigu. Þetta er líklega lausþur.
D: Trúlegt er það. Þetta er allsaman á við flókið reikningsdæmi. Eg ætla fara og finna E. vita hvort honum sýnist ekki eins og mér að réttast sé að nota margföldun við dæmið. Vertu sæll.
B: Vertu blessaður!

## Þau 12 himintákn.

Framhald.

2. Fiskamerkið. Það nær frá 20. febr. til 20. marz. Sá sem undir því er fæddur hefir Júpitersnáttúru kaldur og votur, ber sig vel en alvarlega, fríður með fögur augu og hóflegan munn og ganga tennurnar fram og yfir munn-inn. Hann blíðkast fljótt er sætmáll og vel talandi og hefir lyst til kvenna. Hann velur sér einn stallbróður, hann fer oft ört en heldur honum ekki lengi. Hans stærsta hamingja er á mati sínu, hans besti litur brúnt og grænt. Hans mesta erfiði er á sjó eða vötnum. Sjúk-dómar hans byrja á miðaldurstíð, kringum hjartað. Dauðameinið er kvennfólkssorg. Stúlkan er fyrirhyggjusöm, þau reiðigjörn og saurlíf. Með öðrum fyrra manni líð henni vel, með þeim seinni líður hún mót-gang. Dauði hennar stafar af saurlifnaði: —

3. Hrútsmerkið. Það byrjar 20. marz og nær til 20. apríl. Hver sem undir því er fæddur hefir Venusarnáttúru. Hvítur óstöð-ugur, þó mannlegur með fögrum líkama langleitur með langan háls, tvö ör fram-an á enni þá hann rífist. Hann hefir þykkt hár vel mæli fyrirmóti „blökur“ og viðsjáll snöðugur og reiði-gjarn og hefnir sín jafnan sjálfur. Snemma er hann hneigður fyrir kvennmannsástir og eignast 3 konur fyrst mey síðan ekkjur. Sinni hans er brennandi og þolir illa umvöndun. Hann gengur oft með lærðum mönnum og elskað

andlega sinni, en þó hneigðir til veraldlegs gjá-
lífis. Hann líður máttlítið á ungaaldri og
óskar sér oft dauða. Verður hvorki ríkur
né fátækur, og lifir bezt í því landi er
liggur mót sólaruppkomu, þar hefir hann
sína gæfu.

Stúlkan hefir sömu náttúru;
er ágjörn samhaldssöm með fagurt andlit
kinnarnar sem rósir, með fögur augu.
Mann sinn ávíttar hún og lifir sollífi
hún líður kokmælgi, lifir í ófriði við
aðrar konur, kemur oft illa af stað. Henn-
ar gæfa er sem karlmannsins.

Framhald hinna ómerkja síðar.

## Molar.

Framhald.

Fagurlega myndaðar smágjörfar og holdugar varir
bera vott um næma og tilfinninga ríka sál en jafnfram
reiklyndi. Stórar þykkar holdugar og rauðar varir
með algjörum dráttum, jafnframt djúpt liggjandi
[næmum] augum einkenna þann sem er leiksoppur ástríða
og girnda. Það sem efri vörin er framstæðari ber það vott um
göfgi og sjálfstæði; þar sem sú neðri er lengra fram bendir á vel vilja ~~þ~~
og hjartagæzku. Framhald.

# Árgeisli.

Ritnefnd:
Ágústa Runólfsdóttir
Hinrik Árnason
Snæbjörn Magnússon

Ár 1908. 6. blað.

## Inngangsorð.

Eg vildi að væri kraftar
þeir væru líkir eik
er skýlir mörgum meiðum
í mannsins æfi leik.
Eg þess af alhug óska
að okkar félagsband,
það væri um allan aldur
og efli þjóð og land. H. Á.

# Sterkasta aflið.

"Auðurinn er afl þeirra hluta sem gjöra skal" segir málshátturinn, og því verður heldur ekki neitað. Það lítur svo út, að sumir álíti að peningarnir séu það eina afl sem ráður í heiminum; að allt annað sé hégómi og marklaust hjóm.

En því er betur að þessi skoðun er ekki almennt ríkjandi; að það eru til menn, og þeir margir, sem játa að peningarnir eru ekki sterkasta aflið, að það sé annað miklu sterkara afl, sem ráði í heiminum og það er afl trúar og kærleika. Mannshjartað, brennandi af kærleika til guðs og manna er sterkara en eimlestin með 10,000 hestaafli. Mannsandinn er því bezta og mesta aflið sem til er í heiminum ef hann er stjórnast af trú, von og kærleika.

Kærleiksaflið hjá einstaklingunum er rótin til allrar líknar í hinu mannlega böli. Neyðarstunur hinna mörgu líðandi þúsunda, bergmála við og við svo hvellt í hjarta hans, að droparnir eru runnir saman í dynjandi foss, svo það bergmál berst yfir lönd og höf, slær á samstilta strengi og hrífur hjörtu margra þúsunda til meðaumkunar, með hinum helga safnaðarstraumi kærleikans, svo vér sjáum furðanlegt mannvirki rísa upp þar sem afl þeirra hluta sem gjöra skal er: trú, von og kærleikur.

Það er því afl kærleikans, sem eg tel sterkasta aflið og hann eigi og þurfi að vera undirstaðan undir öll vor störf.

Framtíðarstarf og framtíðarvonir hins unga, þurfa að vera byggð á svo traustum grundvelli, að öldurót lífsins fái ekki haggað honum og undirstöðuatriðin verða þá þessi: trú, von og kærleikur; lifandi trú á því sem æðst er og göfugast í tilverunni, einlæg von að geta orðið nýtur og dugandi maður hjá þjóðfélaginu og geta unnið þau störf er einstaklingurinn finnur að verði sjálfum sér landi og þjóð sinni til blessunar; brennandi löngun til þess að láta sem mest og flest gott af sér leiða, og breyta svo við aðra, sem ~~vér~~ hann ~~viljum~~ vill að aðrir breyti við ~~oss~~ sig.

(Framhald síðar)

H. J.

# Gestrisni.

Elds er þörf
þeims inn es kominn
ok á kné kalinn
matar ok váða
es manni þörf
þeims hefr of fjall farit.
(Hávamál.)

Gestrisni var einn sá kostur er mátti telja forfeðrum vorum til gildis.

Þess er getið í sögum feðra vorra, að skálar hafi verið reistir um þvera þjóðbraut og matur jöfnum til reiðu, hverjum er hafa vildi. Þorbjörn (Gils) Arason var svo mikill þegnskyldu-maður, að hann gaf hverjum frjálsum manni mat, svo lengi sem þiggja vildi, varð af þessu jafnan fjölment á Reykhólum. — Á Hofi í Vatnsdal hjá Þorsteini Ingimundarsyni, var öllum mönnum matur heimill og hestaskifti og allur annar forargreiði. Fleira mætti nefna er sannar rísnu forn Íslendinga, en þetta skal nægja í þessu sambandi.

Það má svo að orði kveða ~~sem~~, að gestrisnin hafi gengið að erfðum, frá kyni til kyns, því þótt neyðin í ótal myndum, hafi þrengt að þessari þjóð, á liðnum öldum, geymir hún enn, og felur með sér, marga hina nýtustu erfðakosti; þar á meðal er gestrisnin.

Raddir hafa heyrst í þá átt, að rétt væri af íslensku þjóðinni, að minka gestrisnina, þar eð hún er fátæk þjóð, og stæðist ekki við útaustri. Verið getur; að þetta hafi við nokkurn sannleika að styðjast, en fyr en eg kveð upp minn dóm um það, vil eg leyfa mér, að ~~fara~~ víkja að öðru atriði í fáum orðum.

Öllum er það gefið, að meira eða minna leyti, að vilja eitthvað útfyrir sjálfa sig, með öðrum orðum: takmarkið þess að lifa og njóta er ekki bundið við einstaklinginn sjálfann, hann finnur löngum hjá sér, að tileinka öðrum meiri eða minni hlutdeild af því sem er hans eigið. — Vér getum fullyrt, að meginatriði ~~allra~~ vorra gjörða felist í þessu; lífið er einstaklings barátta, fyrir persónulegum rétti við heildina, og jafnframt barátta að lifa í samhygð við hana, og hjá

því verður ekki komist. Vér verðum, að setja takmarkið út fyrir oss sjálfa, og því lengra því heillavigðara er upplagið.

Stóra hjartað sem sendir frá sér vermandi strauma og er aldrei í rónni nema þegar það finnur sig slá öðrum til viðrettingar — þar er takmarkið lengst frá persónunni sjálfri.

Og tek það fram aftur, að lífið byggist á krafta framlagi eins til heildarinnar, og heildarinnar til einstaklingsins. — Ekki einn dag; ekki klukkustund svo að segja, getum vér verið án hins í heiminum; — að ef þarf maðurinn mannsins við; því er það, að vor persónulega velferð er undir því komin og einnig heildarinnar, að vér setjum takmarkið út fyrir oss sjálfa ~.

Hver sá maður er setur takmarkið ekkert út fyrir sjálfann sig. — finst hann einungis skapaður til að lifa sjálfum sér, hann er ~~a~~ allsstaðar öfugur við alla heillavigða framfara-vás, sjálfum sér til falls og öðrum til bölvunar. —

Vér skulum nú snúa að málefninu hvar fyr vér frá horfið. Hver gestrisinn maður setur takmarkið út fyrir sjálfann sig og það því lengra sem hann er gestrisnari.

Eigum vér ekki að leggja niður fyrir oss hvað gestrisni er? Mönnum ber ekki með öllu saman um það. Til eru þeir sem álíta það eitt gestrisni, að gestinum sé veittur sómasamlegur beini; fái rúm að hvílast í, sé dregin af honum vosklæði, og honum borinn matur s. s. frv. Ekki má líta á það eitt að „matur sé mannsins megin". Að fleiru hyggur gestur en mat. — Veitandi þarf auk þess að vera víðsýnn með það hver framkoma á bezt við skap þiggjanda, það er kurteisin og bróðurþelið og hluttekningin sem einkennir þann sem er gestrisinn. Og segi ég: hann má ekki vera snauður af kærleika.

Það eitt er víst, að þeim sem ekki er sama hvað honum er boðið, hann gefur þúsund sinnum meira fyrir gott viðmót og hann finnur að útlátin koma frá hjartanu ~~af~~ þó fátæklega sé fram borinn

matur, heldur enn þó útlátin séu stór úfleg af mat en hann finnur að þau eru sett með kulda og án innileiks.

Hvað sýnist yður? Eigum vér að minka íslenzku gestrisnina? Eg er á móti því; eg vil að vér aukum hana eftir föngum, hún er svo fallegur siður. Því það? Af því hún er í fylgd við sjálfann manns kærleikann; það er að segja, hin sanna gestrisni.

Er það ekki göfugur siður að hressa og gleðja meðbræður vorn? Það gerir hver sá sem er gestrisinn, og til þess að mála enn frekar hve gestrisni er kærleiksríkur siður og nauðsynlegur, skal með fám orðum bent á mismuninn á þessum gestrisna og hinum.

Eg hef veitt því eftirtekt að hinn gestrisni maður verður innilega glaður þegar gest ber að garði þó hann hafi áður verið í ýmsum hugleiðingum og þunglyndur, og það þó gestur sá hafi verið óviðkomandi maður. Hann leitast enn fremur við að stækka sjóndeildarhringinn, að hann fái fundið og séð það allra viðunanlegasta til að skemmta með gesti sínum. og veita honum þægindi og

innilega gleði:

Nú skulum vér vita hvað hinn sérgóði og níski maður gefur? Vér komum til hans gestir. Jú hann lofað oss að vera, gefur oss mat og rúm að sofa í um nóttina, en hann gerir það meira af því að hann skoðar það skyldu af því það útaf fyrir sig er landsvenja, en það er ekki komið af innri gestrisnishvötum, þær eru litlar sem engar til og það sem er framyfir mat og annað lætur hann ekki í té, hann heldur þess þurfi ekki. Sál hans er önnum kafin að telja á fingrum sínum kostnaðinn sem leiddi af gestkomunni næst á undan og gera áætlun um þessa.

Hvað sýnist yður nú um þessar tvær gagnstæðu hvatir? Þær þurfa ekki frekari útlistunar þær mæla með sér sjálfar hver á sinn hátt.

Þér ungu menn og konur, látið yður ekki verða það að minka gestrisnina, um leið hefið þið barn í sér mannkærleikans. Það má ekki vera. Það er ekki of mikið af yl og innileik meðal vor. Gætið að! þá er lífsmill svo ótal margt sem gengur á fugt fyrir vöntun bróðurhugans hlýja og holla.

Hluttekningarleysi, segir hún: Svei! Það er ljótt! Þér verðið lítilsvirtir, tapið virðingunni, ef þér horfið á eftir hverjum bita og gjörið engum [illegible] nema með illu og eftirtölum. Vér skulum nú sjá? Hvað kostar máltíðin? — Jeg veit ekki með vissu en er þess fullviss að hún er ekki eins dýr og virðing mannsins, — og lítil má hún þá vera virðingin (álitið), ef hún er ekki meira virði, en spónn eða biti: Aldrei finnum vér eins til þess að vera þiggjendur sem þá, er útlátin koma frá köldum tilfinningum. Þess vegna segi eg sem ályktunarorð: Hin í fullkomnasta gestrisni er það, að veitandinn leitist við, að láta ekki þiggjandann verða þess varan, að hann er þiggjandi. —

Kr. Sigurðsson.

## Heimili og heimilisáhrif.

Heimilisþörf er meðskapað eðli; það er aðalundirstaðan þjóðfélags vors. Fullkomið getur það eigi verið, án hins heimilislega sambands. Jafnvægi á lífi og lundarfari manna verður ekki til nema fyrir hina heimilislegu sameiningu.

Heimilið og hin heimilislega hluttekning er hæli og athvarf hjartans, þá er erfiðleikar, sorgir og umbreytingar mæta. Enginn staður er eins blessandi fyrir hinn þreytta og þjáða eins og heimilið.

Heimilið er mannshjartanu hið sama sem fagur og frjósamur viðarlundur í sandauðn, þar á heima hin umhyggjusama móðurást og hin sterka forsvarandi ástúð eiginmannsins og samhugur eiginkonunnar, hópur blessandi systkina hjá því, sem gleðjast samhuga í kærleika. Hvers virði er lífið án þess? Það mundi líkjast eyðilegri pílagrímsför um auðn og eyðimörk.

Áhrif heimilisins má dæma eftir

verkunum þeim, er það hefir á hugarfarið. Það eru forréttindi þess, að hafa hin fyrstu áhrif á skaplyndi vort og beina huga vorum í vissa átt. Það einkennir hina náttúrlegu barnssál og gróðursetur hjá oss lífsvenjur þær er síðar meir eiga svo mikinn þátt í hvernig líf vort verður.

Áhrifin sem vér verðum fyrir á æskuheimilum vorum, eru óafmáanleg og varanleg eins og lífið sjálft; þau eru annaðhvort til blessunar eða bölvunar, hvort sem þau eru, þá eru þau áhrif sterk; þau fylgja oss alt frá fæðingu vorri í gegnum lífið, læsa sig inn í hugann á dauðastundinni og fylgja oss að lokum inn í eilífðina. Það er hið sameiginlega vald, sem leiðir af ýmiskonar samböndum er heimilislífið hefir fram að bjóða, sem veldur heimilisáhrifunum; hin sterku áhrif manns og konu, foreldra og barna, bræðra og systra, sameinuð og samblönduð heimilisáhrifunum eru þau sterk, kyrlát, ómótstæðileg og varanleg að krafti líkjast þau hinum undirdjúpa vatnsstraumi, er rennur leiðar sinnar hægt og rólega, en með ómótstæðilegu afli. Þau festa rætur sínar í djúpsæi mannshjartans og breiða greinar sínar yfir viðmót og breytni vora. Liljan býður stormunum byrginn og fjallablómin hvíla höfuð sín við jökulfaldinn, — þannig láta heimilisáhrifin til sín taka, þegar lífsstormarnir þjóta og anda helnæminum töfrandi ilm í brjóst vort, jafnvel á þeim stundum þá er grimmúðug veröld leggur frosthrím yfir land kærleikans og mannúðarinnar.

Áhrif heimilisins eru drottnandi; þau fremja háttprýði; þau eru aðlaðandi; þau drottna yfir hjartanu og stjórna tilfinningunum, þau leggja tamra á skapbresti og fýsnir lausúðar og varðveita þau frá spillingu.

Líf vort úti í heiminum er aðeins geislabrot af heimilislífi voru, vér mentum sjálfa oss að miklu leyti á heimilum vorum. Maður sem er ókurteis og ruddalegur og mannúðarlaus á heimili sínu, mun koma líkt fram utan heimilis.—

Hætti þeir ~~ein~~ maður temur sér heima
vilja koða við, vér fáum eigi til lengdar
dregið heim inn á talar viðeigandi vorn
rétta leindarfari, Sérhvert ungmennið ætti
því að mynda sér hugmynd um sannnefnt
heimili, það á ekki að vera hugmynd um
neinn sérstakan stað, heldur hugmynd
hins rétta heimilis, Staður það sem ein-
hver segir, á ekki ófínlega skilið, að heita heim-
ili, því ef gagnkvæmást samtengir eigi
hjörtu íbúanna og ef kærleikur ríkir þar
eigi, og ef trúin á Krist finnur eigi rúm
í hjörtunum, þá er heimilið eigi fullkom-
ið. Hin rétta heimilishugmynd er flekklaus
sólegur blettur, þar sem elskandi hjörtu
búa, sem er helgaður og vígður líkam-
legum og andlegum framförum. Það er
ekki reglubundinn skóli með hörðum aga,
þar sem dygðin er þvinguð og framförin
byggð nauðsyn, heldur frjálsaglett æfing
allra vorra hæfileika, þar sem hlýjinnar
yndi, aginn á vegga og frostinn guðlega [illegible]

H. J.

# Páskahátíðin.

Þegar vér vöknum að morgninum
eftir hressandi svefn næturinnar, verður
oss jafnan fyrst fyrir að horfa í gluggann og
líta eftir veðri. Það gleður oss innilega ef vér
finnum að náttúran andar á móti oss indæ-
lum. Í dag eru Páskar sem flytja oss þau
sannindi að frelsarinn hafi risið upp, vér
gleðjumst yfir því, minningin þessi friðar
oss og sé náttúran unaðsrík verðum vér
því glaðari sem vér finnum að útlits
forsjónarinnar eru ríkulegri. Þessi Páska
hátíð sem aðrar hátíðar, eru vissulega vel fallnar
til þess, að vekja oss mennina til fyllri hug-
unar um sjálfa oss, hvetja hugann fram til
þess að höndla hið andlega og varanlega
en varpa af oss hinu hverfula, fánýta,
Vér sjáum Guðs stjórn og handleiðslu á
öllu því sem kemur fram við oss í dag,
og óskum því að festa upprisu frelsarans
í hjörtum vorum og taka oss fæði af lærdómi
hans sem íklæddist mannlegu holdi og leið
fyrir oss. Snæbjörn Magnússon

# Hvöt.

Fram til starfa fólkið kallar
fornalandið sem það ól.
Eru horfnar hetjur allar?
Hnigin frægðarinnar sól?
Á að láta í áranni falla,
eyjuna við norðurpól?

Vilja engir vinna lengur?
Vantar alla þrek og mátt?
Á að hætta ef illa gengur?
Á að bera merkið lágt?
Á að bresta óðarstrengur?
Á vor saga að deyja brátt?

Ósamlyndis aldan kalda
yfir landið hratt mjög fer
hún er hvítum faldi að falda
og fellur yfir borða og sker.
Margir þeirra glöpskan gjalda
sem gjarnan vilden hjálpa þér.

Margir enn þá vilja vinna;
vantar aðeins bræðralag,
verður því úr verki minna
þó vilji allir þjóðarhag,
ósamlyndið á að linna!
Upp! með nýjan frelsisdag.

Knýtum fastar félagsbandið,
fóstur jarðar góðum mein
verum fús að verja landið
við leitum sé trygg og hrein.
Knýtum fastar félagsbandið
fóstur jarðar góðum mein.

H. Á.

# Árgeisli

Ár 1908 1 blað

Ritnefnd
Stefán Þ. Björnsson
Sigríður Benediktsdóttir
Ágústa Runólfsdóttir

---

## Ávarp

Kæru félagsbræður og systur!
Í annað skifti á æfi þessa ungmennafél. „Tindastóll" sjáum vér roða fyrir nýjum degi í félagslífi og samvinnu hinnar ungu kynslóðar. Vér sjáum fyrsta árgeisla þessa félags árs roða yztu börð hins andlega himins vors. Í hvert sinn, er vér sjáum hinn fyrsta árroða morgunsólarinnar gylla hæðstu fjalla tindana fyllumst vér nýjum þrótt og nýju fjör-

og nýrri lífs þrá, ver klökkum til að sjá alla
fegurð og dýrð náttúrunnar þegar dagssólin hefir
upp lýst alt með geisla flóði sínu og öll heilbrigð öfl
taka að starfa með endur hertu, [börin] kröftum eftir nætur
hvíldina. Þessu er nokkuð líkt farið með okkar félag
það hefir nú yfir sumar tímann legið í dái af því það
vantaði ýmsu skilyrði til að geta starfað líkamlegu starf
in tóku svo mikið af tíma okkar að andlegu störfin
minsta kosti úti við urðu að sitja á hakanum.
(En) Nú er aftur að renna dagur á starfsviði félags
vors, og við sjáum nú árgeisla þessa dags. En til
þess að (þessi) ár geislum verði nokkurir tímar
að björtum degi þurfum við öll að leggja fram
krafta (vora til þess að efla og glæða þetta árdags
ljós í vorum eigin sálum. Oss má als ekki gleymast
það að við erum ein mitt sjálf ljósgjafinn sem
fram leiðum þetta ljós með # afurgu vorra andlegu
krafta, en enginn (undra hnöttur eins hver staðar úti
í ómælis djúpi himin geimsins. Ljós þetta er til í instu
fylsnum sálna vorra, og þótt það sé en ekki nema
daufur árroði eða ár geisli, þá getur það með tímanum
orðið þ[x]að bjarta ljós sem lýsir oss og niðjum
vorum inná nýjar brautir frama og menningar
Til þess að það geti orðið þurfum vér að efla okkar

andlegu krafta kostgæfi lega, því ein mitt við það
fær þetta ljós nýj og betri lífsskilyrði og nýtt tæki
færi til þess að lýsa bæði sjálfum oss og öðrum
Eins og þið munið öll var það ein huga
vilji okkar allra í fyrra vetur að láta unga og fjörmikla
félag okkar. sem við vonuðum og vonum enn að
yrði þrótt mikið og öfluga samt þar ed það hafði
á að skipa ungum og þrótt miklum starfs kröftum
þótt lítt æfðir væru, hefði út blaði um byrðis [í fél.] til þess
að æfa félags menn í því að setja hugsanir sínar
skýrt [ogá[h]ofdið] fram í rit máli. Í félagslögunum er svo
fyrir mælt að það skuli meðal annars vera tilgang
ur félagsins að fegra og hreinsa móður málið og
binnasta og bezta leiðin [til] þess er ein mitt það að æfa
sig sem (mest að rita það
Fyrsta ~~ffjo~~ félags árið voru það mjög margir af fél. sem
drógu sig alveg í hlé að þessu leyti og því miður lítur
út fyrir að enn sé áhuginn lítill hjá sumum okkar
og er það illa farið ef ekki verður umbót á þessu.
Sumir munu nú segja að þeir hafi ekki tíma, og að
þeir séu ekki færir um að semja blaða greinar. En það
er ekki rétt. Öll höfum vér meiri (og) eður minni
tíma af gangs frá okkar daglegu störfum ef vér aðeins
notum hann. Öll eigum vér einhverjar hugsjónir

já oft mjög fagrar og gagnlegar hugsjónir, við það að
ræða þær eða rita um þær eykst um hugsunin um
þær og þær skýrast fyrir sjálfum oss um leið og þær
birtast fyrir með hvað sem öðrum, og geta orðið til
þess að bregða einhverju nýju ljósi upp fyrir þeim og
það aftur beint þeirra eigin hugsjónum inn á nýjar
brautir. — Þá er búin mynd efnisins. Búast má
við því að hann í fyrstu verði ekki svo glæsilegur
fínn og heflaður hjá okkur all flestum sem fork-
ast yrði á kosið. En öll verðum við að muna eftir
því að við erum byrjendur og viðvaningar í ritsmíð-
um, og því eru hverir ~~(bört)~~ þeirra vera innan félags
vors sem lengra væru komnir í þessari list þá
mega þeir ekki taka ~~(til þess)~~ hart á því þótt það kom-
fyrir bæði hjá mér og öðrum að gott efni væri tötrum
klætt. Ég þykist þess full viss að oss mundi líka
brátt lærast það að raða efninu skipulega niður, og
og búa það í ~~(þar)~~ sómasamlegum búning, byrjun-
in er erfiðust en þegar ísinn er einu sinni brot-
inn er leiðin greið. — Jafn framt því sem vér
æfum okkar andlegu krafta við ritstörf eða þ.l.
þá aukast þeir líka að miklum mun, því hæfileg
áreynsla innra hinna andlegu sem hinna líkamlegu krafta er mjög
holl og kraftaukandi. Þess má finna afar mörg dæmi

Ég vil því áður enn ég lík við línur þessar
vinsamlegast mælast til þess að þeir af fél.
sem enn ekki hafi sent neitt í blaðið láti ekki
þá skyldu sína lengi hér eftir undir höfuð leggjast
en styrki blaðið hver eftir sínum mætti.
Munið eftir því að jafn fram því að þið vinnið öðrum
gagn með því, þá hafið þið sjálf ómetanlegt gagn af
þvílíku erfiði.

Að endingu óska ég ykkur öllum kæru fél. gæfu
og gengis á hinu nýbyrjaða félagsári, og alla þá tíð sem
þið starfið og stefnið að einhverju göfugu og góðu takmarki.
Og ég óska og vona að Ársritinu okkar megi í
framtíðinni verða að ljósum degi göfugra hugsjóna
og heilbrigðrar framþróunar, svo vér megum glögt
sjá og greina alla þá hluti sem eru innan takmarka
okkar andlega sjóndeildar hrings

## Framsóknarhugsun

Því hefir frá upphafi verið þannig varið, og það
það því fyrir löngu viðurkent, að flest allar
þjóðir væru að meira eður minna leyti ólíkar hver
annari, en hefðu þó flestar eitt hvað sameigin-

þó sá sameiginlegi eiginlegleiki stefni í dálítið ólíkar áttir, eftir þeim aðal skilyrðum sem sú eða sú þjóð lifir undir.

Það sem eiginlega sem virðist vera ríkjandi í sál hvers þjóðlíkama, er löngun til að leita sér frægðar, eða auðgast sem (bezt), mest bæði andlega og líkamlega. En hverjar leiðir þjóðirnar fara að þessu marki er mjög mismunandi, og kemur það til af því, hve ólíkum augum þær líta á leiðirnar, og hver er auðsóttust eða sigursælust. — Þegar vér nú sem hluti einnar slíkrar þjóðar, eða sem einn liður á einum þjóðlíkama eigum að gjöra oss grein fyrir köllun vorri, verður fyrst fyrir oss spurningin „til hvers erum vér skipaðir (félagar) meðlimir þessa þjóðfélags?" Til þess að viðhalda því og efla það, sem óaðskiljanlegum hluta mannfélagsins. Þegar vér erum orðnir nokkurn veginn þroskaðir bæði á sál og líkama fara að vakna upp í huga vorum ýmsar hugsanir við ríkjandi starfsemi vorri í lífinu og umhverfinu um tilgang lífsins

yfir höfuð. Vér komumst þá að þeirri niðurstöðu að vér eigum að lifa til þess að fullkomnast, og um leið og vér erum þess fullvissir að líf einstaklinganna á að miða til fullkomnunar, hljótum vér að finna, að þjóðin á að berjast fram til sigurs á öllu því illa og ~~lága~~ láa. En þroskast og eflast í því göfuga góða og háa.

Að þessu skoðuðu finnum vér ósjálfrátt skyldur þær sem hvíla oss á herðum, og vér sem heiðarlegir synir vorrar móður, fósturjarðarinnar, verðum (vér) að inna af hendi þessar skyldur sem má greina í þrjá flokka

1. Skyldur gagnvart forfeðrum vorum og fyrirren.
2. Skyldur gagnvart nútíðar mönnum meðbræðr. vorr.
3. Skyldur gagnvart niðjum vorum eða eftirkom.

Skyldurnar gagnvart vorum fyrirrennurum byggjast á því, að frá þeim höfum vér tekið í arf ávextina af erfiði þeirra að því leyti sem störf þeirra hafa borið ávöxt, og eigum að uppskera það sem þeir hafa sáð, en hafa svo fallið frá með heiðri og lofstír í sínum lotnu herðum fyrir það ríka starfsemi. Með öðrum orðum vér

um skyldir til að halda óslitilega áfram þeim störfum sem forfeður vorir hafa unnið og sem miða í rétta átt, annars gjörum vér störf þeirra að engu og misbrúkum erfðaréttinn eða gjörum oss óverðuga að njóta ávaxtanna af störfum þeirra, og þjáningum.

Skyldurnar sem á oss hvíla gagnvart meðbræðrum vorum eru í því fólgnar að vér hopum ekki á hæli gagnvart fyrir erfiðleikum um er oss mæta í baráttunni fyrir frelsi og fullkomnun þjóðar vorrar, svo ei þynnist fylkingin sem fram gengur, og eigi þurfi að óttast að á þeim þingi er fram ganga, og heldur verði sigursælli því altaf munar um manns liðið.

Eitt af því sem hver íslendingur þarf að gjöra sér ljóst gagnvart starfi sínu í þjóðfélaginu er það að haga störfum sínum ætíð þannig að þau séu í sem beztu samræmi við kröfur tímans, svo hægt sé að byggja á þeim áframhaldandi starf sem á komandi tíma. Í þessari inni falin skylda vor gagnvart eftirkomendum vorum og á þennan hátt breytum vér rétt, milli liðins og ókomins tíma.

Þá er að athuga á hvern hátt vér íslendingar innum bezt af hendi þær skyldur sem á oss hvíla, eða í hverja átt vér eigum að beita kröftum vorum svo að sem mestu haldi megi koma fyrir land vort og þjóð. Það vitað í þá átt er miðar til eflingar þjóðar at vinna greinar er öll velmegun landsins er undir komin að vel se stundað, og sem allir vonardraumar rétt hugsandi lífs og liðinna íslendinga hafa snúist um

Sú hugsun sem bendir einstaklingunum til starfa er breytileg á ýmsum tímum til dæmis má nefna hugsun forn íslendinga hvort hún stefndi; enda þótt hún miðaði ekki síður en nú til (þroska als þjóðlegs) að við halda og þroska allt þjóðlegt og það sem þeir kölluðu manndáð. Þá miðuðu hugsanir hvers frjálsborins íslendings að því að þroska (hjá) sér mest sínum eigin líkama með því að temja sér alla vopnfimi, og skapa hjá sér skilninginn fyrir hreystikapar listinni sem þá var talin ein göfugasta grein starfanna. En þessi hugsun mun sumir telja fulla mótsögn móti því að

bú skapurinn sé sú eina grein er fram tíð
landsins byggist á, því þá hafi mönnunum
liðið betur en nú, ~~(sú hugsun)~~ er ekki heilbrigð
og þar til er líka því að svara að hafi vel þá
þóttu búin vera nauðsinlegur bak hjallur
als viðgangs eða viðhalds. Enda er á stæðan
fyrir þessari vig hugsun þar aftur í tímanum
mjög skiljanleg, þar sem Val kallar hugmynd
in og alternis til fimm ingin, æsið blæs
undir upp í hugum manna sem óðaud
legt ljós fyrir þessa starfsemi.

Nú á tímum liggur nokkuð annað
til grund vallar, fyrir fram sóknar
hugsun vor íslendinga, svo sem önnur
göfugri trú, og breytt skilyrði frá náttúru
landsins. Nú á tímum víðdist hugsun vor
sem betur fer hneigjast framm að al-
mennings heillinni og synast liggja að
því marki aðallega sú leið að auka allar
fram leiðslu lindir í landinu sjálfu
bæði andlegar til eflingar andans
ins, og þjáðframleiðandi lindir.
Sem staud synlegt afl til fram
kvæmdar þeim störfum er þrosk

aður andi og skilningur telur nauðsynl.
landi og þjóð til blessunar.

Það er að líkindum óþarfi þó eg
gjöri það, að benda á, ef margir
vinna kappa að einhverju ð göfugu tak
marki, og skipa sér í fylkingar er fara
sína leiðina hver, þá er vafa laust
mannlegast að skipa sér í þann
flokkinn sem sömu stefnu að flestum og mestum
erfið lukunnd mæti, þegar svo er ástatt
að leið þess flokks er líklegust til
varanlegs velgengis, ef kapp og forsjá
fylgir framsókninni. — Til þessa flokks
hygg eg íslendski bændaflokkurinn og þeir sem
honum fylgja. Heill sé þeim sem honum
fylla

S. H. B.

# Árgeisli

Ár 1908 2 blað

Ritnefnd
Kristinn B. Erlendsson
Ólafur Reykdal
Guðbjörg Bjarnadóttir

---

## Um kvennbúning

Mér hefir alltaf þótt það leiðinlegt, og þykir alltaf þegar íslensku ~~stúlkurnar~~ eru að kasta sínum íslenska búning og taka á sig útlendan búning, eg hef opt hugsað um það, þegar stúlkur hafa hætt við peisufötin sín og tekið kjólbúning í staðinn, í hvaða skini þær gerðu þetta hvort þær vildu virkilega láta líta svo út sem þær væru útlendar, hvort þær vildu ekki viðurkenna sjálfa sig sem íslenska stúlku, með því að bera sinn íslenska búning.

Við eigum nóg af fallegum búningum sem sæmir hverri íslenskri stúlku, við þurfum alls ekki að sækja neina búninga til annarra þjóða. Af búningum okkar íslensku stúlknanna eru peisufötin algengust, og þykir mér það sá fallegasti búningur sem eg sé stúlkur í, fyrir utan skautbúninginn, sem er sá fallegasti búningur sem eg hef séð, að vísu er kjólbúningurinn mikla tilbreitingar samari, en peisufötin, því það má heita að sé eitt í dag og annað á morgun, og miklu meira er hægt að prýða og skrýða kjólana heldur en peisufötin, þau verða alltaf að vera eins jafn óbrotin og látlaus en laglegur og snekklegur búningur, en þrátt fyrir allt puntið á kjólunum, mun eg aldrei sjá svo skrautlegan kjól, að eg kysi mér heldur að vera í honum, en peisufötunum mínum, og eitt er sem mér finnst leiðinlegt, þegar íslensk stúlka fer til útlanda, þá kastar hún sínum íslenska búning, og tekur sér búning þeirrar þjóðar sem hún fer til þá lítur svo út, að hún fyrirverði sig fyrir að vera íslensk. Það fyrst vildi eg þegar eg ~~verði~~ kominn til annarra þjóða skarta í mínum þjóðbúningi, til að sýna það hverra þjóðar eg væri.

Að endingu vildi eg óska þess, að allar íslenskar stúlkur hættu við kjólbúninginn, og héldu sér stöðugt við sinn íslenska búning, sjálfum sér og sinni þjóð til sóma.

Guðbjörg Bjarnadóttir

# Skemmtanir

Skemmanir eru margar og misjafnar, en það er engin vafi á því að þær eru misjafnlega þarflegar og gagnlegar fyrir menn, og sömuleiðis mjög misjafnt hvað mönnum þykir skemmtilegt.

Ein algengasta skemmtunin sem nú er brúkuð er dansinn, það er ekki hægt að segja um þá skemmtun að hún sé gagnleg, eða að minnsta kosti finnst mér það ekki. Og það að auki finnst mér dansinn fremur vitlaus skemmtun þó bæði ég og aðrir hafi talsvert yndi af því. Ég get vel ímyndað mér, að ef einhver sem aldrei hefði séð dansað og aldrei neitt heyrt um það talað, kæmi inn í hús það sem fólk væri að dansa, að honum dytti fyrst í hug að fólkið væri vitlaust. Þetta máske þykir nú nokkuð freklega sagt. Það að auki er dans ákaflega erviðskemmtun, og að því leiti ekki rétt valin fyrir erviðisfólk, það er að segja nema svo mjög takmarkað, sem ekki er nú tilfellið, þegar máske er dansað heilu næturnar, sem ekki svo sjaldan á sér stað, þó það ekki sé opinlega. Svo er dansinn ekki íslensk skemmtun, en mér finnst að þær skemmtanir ættum við helst að iðka sem mest, en það er engin vafi á því að dansinn er aðfengin frá öðrum þjóðum þó hann hafi þrifist hér margfallt betur en margt sem íslenskt

Önnur skemmtun sem mjög mikið er brúkuð eru spilin, þau eru víst mjög algeng bæði í kaupstöðum og sveitum. Það er nú máske ekki hægt að segja að þau séu gagnleg, fremur en dansinn, en ég held nú samt að þau séu mikið betri aðferð til að stytta sér stundir við, að minnsta kosti er það mikið rólegri skemmtun, en dansinn, því það er ekki hægt að segja það erviði, að sitja í rólegheitum og spila sér vistarhring, eða þá eitthvert annað spil hvað svo sem það nú heitir.

Sömuleiðis álít ég að spilin séu að því leiti gagnlegri, að það verður að fylgja, ef menn vilja spila vel þá verða menn að hafa góða eftirtekt og gott minni, og það er hvorttveggja ~~er gott að~~ æfa sig á, því að það getur verið manni til gagns í lífinu.

Einhver mun nú segja að spilin hafi gjört mörgum manni ógagn en ekki gagn. Það getur verið og er líka satt, en er það spilunum að kenna? Nei. Það er misbrúkun manna að kenna. Það getur verið alveg eins mikil skemmtun í því að spila, án þess að spilað sé uppá peninga, en það eru þeir sem hafa eyðilagt marga menn bæði í efnalegu tilliti og nokkur dæmi til þess að menn hafa fyrirfarið sér útaf eignamissir í spilum, en sem betur fer ~~hefir~~ slíkt ekki átt sér stað hér á landi. Því þó menn spili uppá peninga, sem aldrei ætti að vera, þá er

þat í svo smáum stíl, at það getur valla orðið tilfinnan
legt.
Þriðja skemmtaninn, sem nokkuð er brúkuð, og þó ekki
sem skyldi er tafl, og má helzt nefna mannstafl eða skák, það
er íslensk skemmtun, og mjög gömul, því við höfum
valla eldri sögur, en að einhverstaðar sé um það getið í
þeim að þeir eða þau hafi setið að tafli. Manntafl
er mjög góð skemmtun, og útheimtir mikla kunnáttu
og æfingu ef maður á að verða góður í þeirri list.
Það er ekki hægt að segja að við séum alveg búnir að tapa
þessarri íþrótt, því við eigum hér í landi nokkra góða
taflmenn, en þó held eg að það sé ekki jafn mikið brúkað
af því eins og var hér áður, að minnstakosti ekki hér um
slóðir. Það er líka jafn þægileg skemmtun fyrir konur
sem karla, eins og báðar fyrtöldu skemmtanirnar.
Það má nefna mörg önnur töfl sem menn geta haft sér
til gamans, til dæmis kötru, mylla, refskák, góðatafl
og fleira, af þessum töflum held eg að kötrutafl sé
einna besta taflið, það er víst margbrotnast, og eg veit
ekki hvort það gefur mikið eptir manntafli, því
það er eins með það, og manntaflið að maður getur alltaf
fullkomnast í því, það eru svo misjafnir leikir í því.
Þá er fjórða skemmtuninn sem, við vorum alveg
að tapa, og hún var áreiðanlega íslensk, það eru glím

urnar okkar íslensku, það er áreiðanlega sú íþrótt sem
þess er verð að henni sé haldið við, og sem betur fer eru
menn farnir að sjá það nú að hún er þess verð, en það er
ekki nógu almennt því það ætti að vera almennt, það
er ekki neinum erviðleikum bundið að hafa þá skemmt-
un, hvar sem er, og þar sem nokkrir menn eru saman
komnir. Auðvitað er nú orðað efa fleiri glímur samhliða
þeirri íslensku, það getur verið að það sé ekkert á móti
því að hafa þær með, en mér finnst að íslenska glíman
ætti að sitja í fyrirrúmi, því eg held að það sé engin
vafi á því að hún sé fallegust ef hún er vel leikin bæði
af fimleik og kunnáttu. Væri nokkuð á móti því að
gjöra einhverja tilraun í þá átt, að vekja hana hér upp
aptur, mér finnst hún þess verð.
Ein skemmtun sem mjög mikið tíðkaðist hér á landi
í fornöld voru knattleikir það er talsvert mikið getið
um það í íslendinga sögunum, að menn hafi komið
saman og það opt langt að á veturnar til knattleika
og þótti góð skemmtun. Því miður hef eg ekki séð þann
leik og get þar af leiðandi ekkert um hann sagt en
eg ímynda mér samt að forfeður okkar hefðu ekki
haft jafn mikið yndi af honum sem þeir gjörðu ef ekk-
ert hefði verið í hann varið, og eg ímynda mér líka að
við ættum alveg eins að geta haft hann nú eins og þeir.

þessar báðar skemmtanir eru að því leiti gagnlegar að þær styrkja Taugarnar og stæla vöðvana.

Þá eru sjónleikirnir, sem mikið er farið að brúka af hér á landi. Eg veit ekki hvort hægt er að segja um þá, að þeir séu gagnlegir þó mönnum þyki þeir skemmtilegir ef þeir eru vel útfærðir, eg held að þeir séu það nú ekki að minsta kosti ekki eins og þeir eru nú.

Það þarf að taka nokkrum breytingum til þess. Mér finnst fyrir mitt leiti að þeir gætu fyrst verið til einhvers gagns, ef teknir væru viðburðir úr daglega lífinu, og þeir útfærðir laglega á leiksviðinu, og þar sýnt hvernig einhvað hefði mátt betur fara, á þennann eða hinn veginn, þá væru þeir að því leiti til gagns að eitthvað væri hægt af þeim að læra, þetta á sér stað utanlands nú orðið. En okkur vantar nú líklega þá menn sem færir séu um að taka saman svona löguð leikrit, en ekki er það óhugsandi að þeir rísi upp á meðal vor þá minnst varir, og þegar sjónleikirnir eru búnir að fá þetta snið á sig, þá álít eg að fyrst sé ein hver meining í þeim, en alls ekki eins og þeir eru nú allflestir að minsta kosti.

Margt og mikið meira hefði eg mátt um þetta segja en eg læt nú hér staðar numið, kanske einhver annar geti eitthvað meira um þetta sagt, og það er engin vafi á því að það er hægt að segja mikið meira um það, og það væri gott ef þessar línur gætu orðið til þess að ýta við einhverjum því það er engin vanþörf á því ef blað þetta á að hafa nokkurn vöxt og viðgang

B.E.

## Skyldan

Á hverjum hvílir skyldan, hvílir hún á einum tveimur eða þremur, eða hvílir hún á öllum.? Það er engin vafi á því að hún hvílir á öllum jafnt, eftir efnum og ástæðum. Ef blað þetta á að ná sínum rétta tilgangi þá getur það ekki gengið svona lengur að engin riti í það annar en ritnefndin sú er kosin til þess að sjá um útkomu þess í það skiptið, það verður allt of tilbreytingar lítið, því það er engin vafi á því að eftir því sem fleiri rita í blaðið eftir því verður það fjölbreyttara, og það er það sem þarf að vera, það þarf engin að vera hræddur við það að skrifa í blaðið, fyrir það þó hann sé óvanur við að semja ritgjörðir, eg held að það séu ekki svo margir ritsnillingar í þessu félagi, að menn þurfi að vera hræddur um útásetningar frá þeim, og þó svo væri þá er engin hætta

á ferdum med það, þeir myndu alls ekki gjöra það. Enda er tilgangur bladsins það að æfa mönnum kost á því að æfa sig í þessarri grein, því þá ekki að gjöra það. Það eru svo margir medlimir fèlags þessa að það ætti að vera lètt verk fyrir þá alla, að leggja saman í svona litid blad, það þyrfti sannarlega ekki neinn stór ósköp frá hverjum, það yrdi ekki til finnanlegt. Einkanlega finnst mèr það hvern fjórdan sem ætti að stafsa meira í þessa átt en hún hefir gjört hingad til, því hún hefir mjög svo litid gjört, en sem komid er, að styrkja bladid, en það er enginn vafi á því að hún er alveg eins fær um slíkt eins og vid karlmennirnir. Eg vona að þid takid það ekki illa upp þó ykkur sè bent á þetta, enda veit eg að þid sjáid það, að slíkt getur ekki gengid til lengdar, það er medal til að eydileggja bladid alveg, og það væri bædi synd og skömm ef það væri gjört. Ennfremur vil eg af ykkur kveikjist hefid þid takid þennan og sendid Árgeisla nokkrar línur, hann er ekki svo vandfæddur að þid ekki hafid einhver ráð að kasta í hann nokkrum molum sem hann getur þrifist af.



| | | |
|---|---|---|
| 3. tölublad<br>Ár 1908 | # Árgeislin<br>Gledilegt nýtt ár. | Ritnefnd<br>Hinrik Árnason<br>Haraldur Björsson<br>Jóhannes Pálsson |

Árid sem kemur, alt þjer veiti
unadarríkt sem fyrnist á grundu!
Fyrir þjer sjer hvert böl sjer breyti
í blída og fagra gledi stund!
Stödugt þjer gæfan standi hjá,
stýri þjer öllum hörmum frá.
— — — — — — — —

Ætt erku yndisveri
med erku þrungim hug,
yfir sprettum hadur spori —
med spordakasti og dug,
sem lax í straumi strauma
það stirnir sólu mót
í lífsins gledisglaumi vid grana —
Frjósinn ríl.

Á móti myrkum sveitum,
á móti dauðans her,
frá himins háum leitum
með skjöldu bjóðumst vjer;
með snarpleg sverð í mundum
og sigurmerkin fríð
vjer hleypum hart um grundir
um helga asks hlíð.

Burt, allt, sem okkur tefur!
burt allt, sem stendur móti!
burt allt, sem alltaf sefur!
burt allt, sem nagar rót!
Á grænum trjesins greinum
vjer gróðursetjum hjer,
með asku andans hreinum
þann unga lífsins her.

Kvæði af B. Gröndal

Hinrik [illegible]

# Sund

Ein af þeim fögru og nytsömu íþróttum, sem forfedur okkar á söguöldinni idkudu mjög ~~mikid~~ var sund. Getum vid vída lesid um þad í fornsögum okkar. En þegar kjarkur og manndád þvarr á nidurlægingartímum þjódarinnar, þá lögdust listir og íþróttir nidur. En nú er þettad aftur ad lifna, og lagast. Æskulýdur Íslands er ad vakna og farinn ad idka fornar íþróttir af ný.

Eigum vid þegar nokkra menn, sem skara fram úr ödrum, svo sem: Lárus Rist sundkennara Akureyringa. Þad var fyrsta hreifing í Ungmanna=fjelaginu á Akureyri, ad nokkrir menn heitstrengdu ad framkvæma hreysti=verk, þar á medal var Lárus Rist einn af þeim, hans heitstrenging hljódar þannig. Stíg eg á stokk og strengi þess heit ad synda yfir

Eyjafjörð á bilinu frá Gleráósum og inn að Leiru, innan jafnlengdar alklæddur og í sjóföðum, en áskil mér rétt til þess að kasta klæðum á leiðinni ella minni maður heita.
Hann hjelt þettað heit sitt, er hann hafði synt um stund kastaði hann öllum klæðum, nema sjóhattinum, með hann syndi hann alla leið, og á 33 minutum syndi hann yfir fjörðinn, sem er talin 450 faðmar á breidd. En nokkrir fleiri gjeku þettað eftir honum (nokkru) seinna.
Sundiþróttin er fögur, gagnleg og skemtileg íþrótt. Hún er öllum öðrum íþróttum betur fallin til þess að auka kjark og snarræði, stillinga og gætni, herða líkaman og hreinsa og stæla vöðva.
Þá er þetta ekki aðal gagnið, sem að því er, að temja sér sund. Aðal gagnið eða tilgangurinn er sá, að sá, sem temur sér sund, getur bæði bjargað lífi sjálfs síns og annara með kunnáttu sinni, og að því leyti stendur ~~standlystin~~ sundiþróttin framar öllum öðrum íþróttum.
Aðrar þjóðir standa okkur Íslendingum framar í þessari íþrótt, sem svo mörgum öðrum, og þá ekki hvað síst náfrændur okkar Norðmenn ~~irnir~~ þeir stunda íþróttir af miklu kappi, og verður vel ágengt. Árlega hafa þeir íþrótta-mót og sýna þar kunnáttu sína.
Á sýningunni í Lundúnum í sumar sem leið, syndu nokkrir sundmenn list sína. Við sundpollin ~~var~~ byggður turn með alsteinum pöllum upp á þessa palla fara þeir, og steipa sér svo niður í vatnið, sumir steiptu sér 15 faðma niður, ~~og~~. Svona langt erum við Íslendingar ekki enþá komnir, en ef ungir piltar og stúlkur verja nokkru af tómstundum sínum til íþróttaiðkana þá mun þeim verða vel ágengt.

J. P.

# Fundasókn og fundartími.

Að sækja fundi oft og á settum tíma, sýnist ekki vera hverjum þeim félaga ofvaxið, sem annað hvort er í sjálfstæði stöðu, eða er ekki háður því strangari húsbónda — í einu orði, því verðist það útlátalítið fyrir sérhvern félaga; og hver sem athugar það nákvæmlega hvað á því byggist að sækja vel fundi mun ekki oft sitja kyr heima.

Aðal skilyrðin fyrir því að félagsskapurinn geti þrifist og orðið að tilætluðum notum, eru sérstaklega þessi:

Í fyrsta lagi að hann sé byggður á góðum og kristilegum grundvelli.

Í öðru lagi að fundir séu haldnir svo oft sem þörf er á, og að þeir séu sóttir af félagsmönnum og gjörðir svo skemmtilegir og uppbyggilegir sem frekast er unnt.

Ekkert er eins dýrmætt og nauðsynlegt fyrir félagslífið innbyrðis, eins og fundartíminn, Öll velferð félagsskaparins er undir því komin að meðlimirnir kunni að nota og meta hann rétt.

Á slíkum fundi má gjöra allt það, sem þarf að gjörast á einum fundi; á löglegum fundi hvort vanalega umhverfing; sá sem kemur á fund til þess að heyra það sem talað er, er í rauninni eins virðingar verður og sá sem talar; hann hefur alveg eins og sá sem talaði gjört ~~skyldu~~ allt það sem honum bar að gjöra;

Enginn sem kemur á fund, neitar félaginu um að vinna það sem hann er fær um að vinna; hvort það er til orða eða verka; og ef hann leggur allt sitt fram, hversu lítið sem það kann að vera þá er hann sá þeirra mesti.

En sá sem ekki kemur á fundinn, neitar félaginu um allt það, sem hann getur látið í té.

Á fundunum nærist félagslífið, því lifir ekki sem það alls ekki getur lifað án og sem það alls ekki getur notið án fundanna; það er því á valdi meðlimanna einna, og engra annarra, að gjöra fundina það sem þeir eiga að vera: nærandi stund félagsins. Reynslan sýnir að fundirnir eru eins nauðsynlegir fyrir félagslífið, og fæðan fyrir líkamann. Enginn maður getur ekki gert fundarlausan að fundi; fallinn verður að gera það.

Fyrsta skilirði fyrir því að fundarförin verði
að til ætluðum notum, er að sækja fundina, og þar
næst að gjöra þá svo skemtilega, og aðlaðandi, sem
frekast er unt, og þar hvílir skildan fremst á
öllum, þar má einginn draga sig í hlé, þar verður
hver og einn að leggja fram sína krapta; óskipta
og óskerta, vitandi það að hann er einn limur
á félags líkamanum; limur sem verður að stappa á
því að líkaminn fái þá næringu sem honum
er nauðsynleg.

Kæru félagssystkini! látum okkur aldrei
gleymast þann meginatriði; sem félagsskapur
vor byggist á; munum ætíð eptir þeim
þeirra skyldum sem á okkur hvíla; látum
alla sjá að störf okkar séu ekki til ónýtis
og að félagsskapur vor sé ekki nafnið tómt
reynum af fremsta megni að efla svo allt
það sem er gott og göfugt.

Munum málið dýra; Mannanna landið góða!
Gjörum bræður telyja; hennar sóma þjóðar;
hver þeir stóðu stöðugt; sterkir unnu að verki!
Vegir vorir raddir; vísað frelsis merki!

Hinrik Ámunn

## Makleg verðlaun
(sönn saga)

Unglingspiltur töluvert tvítugur fór í
„útróðrarlúr" með húsbónda sínum, sem er einn
af mínum hættir bændunum.
Þegar þeir höfðu róið fyrsta sprettinn, sneri þar af
baki til að gefa hestunum lítið til að blása;
Tekur húsbóndinn þá upp brennivínsflösku, á sem sér,
tyggur á og réttir piltinum, sem réttir flöskuna
þá sér aptur, án þess að taka úr henni tappann
„Viltu ekki sjer með?" spyr húsbóndinn
„Nei" svaraði drengurinn.
„Þú hefur gott af að fá þér bragð, í svona útróðrartúr"
„Jeg gjöri það aldrei, hvernig sem á stendur"
„Ertu þá bindindismaður eða Goodtemplari?
„Nei" svaraði pilturinn, en eg hefi aldrei bragðað
áfengi, og ætla mér ekki að gjöra það".
„Það er fallegur ásetningur" mælti húsbóndinn
með aðdáun, tekur upp budduna réttir piltinum
tíkall og mælti, þú átt að eiga þetta fyrir það
að þú þáðir ekki staupið.

Breytti hann ekki báðir rétt?

Hinrik Ámunn.
(skrifaði)